


# RISA<sup>STÓRAR</sup> smáSÖGUR



2024

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, KrakkaRÚV, Borgarbókasafn, List fyrir alla, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Borgarleikhúsið standa að verkefninu Sögur. Einn liður í verkefninu er að hvetja börn til lestrar og skapandi skrifa.

Smásagnasamkeppni fór fram á vef KrakkaRÚV og voru 19 sögur, eftir 6–12 ára börn, valdar til útgáfu í þessa rafbók.





RISA<sup>STÓRAR</sup>  
smá SÖGUR

# Efnisyfirlit



<b>Geimverustyttan</b>	<b>7</b>
Ósk Hjaltadóttir, 8 ára	
<b>Alexandra og Moli</b>	<b>11</b>
María Ynja Alexsandersdóttir, 8 ára	
<b>Bessi, Stína og steineldrisinn</b>	<b>13</b>
Týr Fenger Ólafsson, 7 ára	
<b>Dularfullir atburðir í Norðurbæjarskóla</b>	<b>16</b>
Berglind Svana Helgadóttir, 9 ára.	
<b>Halli hamstur og félagar</b>	<b>22</b>
Eva María Norðfjörð, 9 ára og Axel Máni Norðfjörð, 7 ára	
<b>Draugasaga</b>	<b>28</b>
Óttar Ingi Kristófersson, 9 ára	
<b>Krúsíduúllurnar</b>	<b>31</b>
Sara Björk Eiríksdóttir, 9 ára	
<b>Leyndarmálið mitt</b>	<b>37</b>
Sigrún Sif Ómarsdóttir, 9 ára	
<b>Martröðin</b>	<b>39</b>
Mói Sigurjónsson, 9 ára	
<b>Afi spæjó</b>	<b>42</b>
Hallgerður Harpa Hilmisdóttir, Karítas Þórðardóttir, Rakel Harðardóttir, Sóley Ingvarsdóttir, Thelma Sigríður Helgadóttir, 11 ára	

<b>Draumurinn</b>	<b>47</b>
Kolbrún Emma Daðadóttir, 10 ára	
<b>Fjórar mínútur</b>	<b>50</b>
Þórarinn Hauksson, 11 ára	
<b>Hellirinn</b>	<b>55</b>
Kolbrá Sigrún Sigurðardóttir, 11 ára	
<b>Hin jörðin</b>	<b>60</b>
Tinni Snær Aðalsteinsson, 11 ára	
<b>Týndi jólasveinninn</b>	<b>67</b>
Bjartey Ebba Júlíusdóttir, 11 ára	
Jódís Kristín Jónsdóttir, 10 ára	
<b>Ævintýri Fernandos</b>	<b>72</b>
Ingibjörg Matilda Arnórsdóttir, 10 ára	
<b>Risaeðlurötunarevél</b>	<b>77</b>
Aðalgeir Emil Arason Kjærbo, 10 ára	
<b>Útfararstofa Reykjanesbæjar</b>	<b>85</b>
Samúel Steingrímsson, 12 ára	
<b>Rebbi refur og afmælisveislan</b>	<b>90</b>
Bjarki Atlason, 10 ára	




# Formáli

*Gunnar Theodór Eggertsson, rithöfundur*

Ég man ekki nema óljóst eftir sögunum sem ég skrifaði sem krakki enda eru þær allar saman löngu týndar. Nú eru þær bara til sem glefsur í hausnum á mér og hvergi annars staðar. Ég hefði aldeilis verið til í að geta sent mínar sögur inn í keppni og fengið þær birtar á bók! En þegar ég var strákur var ekkert slíkt í boði.

Krakka-Gunnar dauðöfundar ykkur, kæru höfundar, fyrir að fá sögurnar ykkar útgefnar í þessu frábæra safni, þar sem allir geta skemmt sér yfir hugmyndagleðinni. Lesendur eiga von á góðu, því hér má finna alls kyns ævintýri, hrylling og vísindaskáldskap, skólasögur og dýrasögur, draumasögur, draugasögur, og allt þar á milli. Sögurnar opna hlið inn í undraheima sem þið höfundarnir getið heimsótt aftur og aftur og hver veit, kannski jafnvel lesið fyrir börnin ykkar þegar fram líða stundir.

Risastórar smásögur er mikilvægt verkefni og ég er stoltur að hafa fengið að taka þátt í því sem ritstjóri. Þó þurfti ég lítið annað að gera en að beina ykkur í rétta átt og hvetja ykkur til að halda áfram með sögurnar og gera þær enn betri. Til hamingju, nýju höfundar, og haldið áfram að skrifa og skapa svona spennandi sögur!





# Geimverustyttan

Ósk Hjaltadóttir, 8 ára



Emilía vildi hafa allt í röð og reglu í kringum sig og tók til í herberginu sínu minnst tvisvar í viku. Þess vegna fannst henni afar óþægilegt þegar dótið hennar byrjaði að færast úr stað og hverfa án útskýringa alveg óvænt eitt vorið.

Þessar dularfullu breytingar virtust aðallega eiga sér stað á nóttunni, að minnsta kosti var ástandið í herberginu hennar alltaf öðruvísi á morgnana en það hafði verið þegar hún fór að sofa kvöldið áður. Hillur, stólar og önnur húsgögn dúkkuðu upp frammi á gangi eða uppi á háalofti, bangsar og legókubbar færðust úr körfum og kössum út á gólf og fleira í þeim dúr.

Eini hluturinn í herberginu sem var alltaf kyrr á sínum stað og færðist aldrei neitt var geimverustyttan sem Aron, besti vinur hennar, hafði gefið henni í níu ára afmælisgjöf. Þetta var daufræn glerstyttu sem Aron hafði keypt í Kolaportinu hjá gömlum manni í bláum slopp. Maðurinn sem seldi honum styttuna vissi ekki hvaðan hún væri komin en sagðist halda að hún hefði verið búin til „einhvers staðar í okkar vetrarbraut.“ Aron hélt auðvitað að maðurinn hefði verið að grínast. Það hafði Emilía líka haldið en eftir að rótið í herberginu hennar byrjaði fór hún að velta því fyrir sér hvort maðurinn í bláa sloppnum hefði verið að tala í alvöru.



Þegar Aron kom í heimsókn til Emilíu einn daginn sagði hún honum frá þessum undarlegu atburðum. Aron stakk upp á því að hún myndi vaka heila nótt og fylgjast með öllu sem gerðist í herberginu hennar. Hann bauðst líka til að gista hjá henni og aðstoða hana við að leysa gátuna. Nokkrum dögum seinna kom Aron í gistiheimsókn og þau gerðu sig tilbúin fyrir langa næturvakt. Rétt fyrir miðnætti heyrðu þau eitthvert brölt frammi í eldhúsi.

„Hvað var þetta?“ spurði Emilía.

„Gáum,“ sagði Aron. „En fyrst þarf ég að skreppa á klósettið.“

Þau gengu að klósettinu og Emilía beið fyrir utan. Eftir smá-  
stund heyrði Emilía gól.

„Gaaaah!“

Emilía stökk inn á baðherbergi og leit á Aron.

„Hvað er í gangi?“

Aron benti á baðkarið og leit á hana. Emilía sá að það mátti bregða fyrir undrun í svipnum.

„Hvað í ...“ byrjaði Emilía. Svo sá hún það.

Það voru grænar slettur út um allt baðkarið. Emilía prófaði að skrúfa frá vatninu. Fyrst var það alveg skærgrænt, svo rautt. Svo loksins varð það aftur venjulegt. Nei, bíddu, það var orðið grænt aftur. Svo rautt. Svo grænt.

„Hvað er eiginlega í gangi?“ spurði Aron.

„Ég veit það ekki. Þetta hefur aldrei gerst. Jú reyndar, þegar við fórum til Danmerkur í nokkra mánuði, þá varð það rautt af því að það hafði ekki verið notað í marga daga.

Jæja, klósettið er allavega ekki bi...“ Emilía snarhætti í miðri setningu um leið og hún opnaði klósettið, því að það var búið að stífla það með klósettpappír og hella grænum vökva yfir.

„Jæja, ég held að við getum ekki farið á klósettið!“ sagði Emilía hlæjandi. Svo veltist hún um á baðkarsbrúninni og tók gott hláturskast í drygklanga stund.

Aron skildi ekkert hvað var svona fyndið við stíflað klósett og baðkar með fullt af einhverjum grænum slettum.

„Komum þá bara inn í eldhús,“ sagði Aron.

Inni í eldhúsinu var bókstaflega allt út um allt.

„Pabbi?“ spurði Emilía, en svo sá hann að þetta voru aðeins nokkrir púðar sem var búið að klæða í fötin hans pabba.

„Hvað er eiginlega í gangi?! Fyrst baðherbergið, svo eldhúsið! Veist þú nokkuð hvað við eigum að gera?“ spurði Emilía, frekar pirruð á öllu saman. Hún leit á Aron og henni brá í brún. Við hliðina á honum stóð Snati, frosinn.

„Ég vissi ekki að Snati væri svona góður í myndastyttuleik,“ sagði Aron.

„Ha? Nei, við höfum ekki æft það áður,“ svaraði Emilía, frekar hissa.

„Þá þýðir það bara eitt,“ svaraði Aron. „Hann er frosinn!“

Þau litu þögul hvort á annað. Emilía var skelfingu lostin og Aron gat ekki hætt að stara á Snata.

„Við verðum að gera eitthvað í þessu,“ sagði Aron. Emilía samsinnti því.

„Svo, hvað eigum við að gera?“

„Sko, ég veit það ekki. En, hvað sem við ætlum að gera, þá verðum við að byrja á því núna,“ svaraði Aron. Hann sá að það lak dálítið af grænum vökva niður varirnar á Snata.

Utan úr garði barst fölgræn birta inn um gluggann. Aron og Emilía litu út og sáu risastóra, fjólubláa kúlu með hringlaga gluggum. Inni í kúlunni sátu tvær grænar og slepjulegar geimverur. Önnur þeirra hélt á einhvers konar fjarstýringu og hamaðist á tökkunum.

„Þessi fjarhrifa-flytjari er örugglega eitthvað vitlaust stilltur!“ sagði geimveran reiðilega.

Allt í einu tóku geimverurnar eftir því að krakkarnir voru að fylgjast með þeim. Þær stigu út úr kúlunni og gengu í átt að glugganum, ógnandi á svip.

Emilía skildi strax hvað hún þurfti að gera. Hún hljóp inn í herbergi, greip geimverustyttuna úr hillunni, fór með hana út í glugga, kastaði henni í átt að geimskipinu og hrópaði: „Gjörið þið svo vel! Ég held að þessi tilheyri ykkur.“

Geimverurnar tvær gripu styttuna og fóru með hana upp í fjólubláu kúluna. Þær hófu kúluna til flugs og hurfu upp í himininn.

Næsta morgun hjálpuðust Emilía og Aron að við að taka allt til og þrifa íbúðina hátt og lágt. Eftir þetta varð Emilía aldrei vör við að dótið hennar hyrfi eða færðist úr stað.

# Alexandra og Moli

*María Ynja Alexandersdóttir, 8 ára*

Það var einu sinni stelpa sem hét Alexandra sem var í fimmta bekk í Breiðholtsskóla og uppáhalds vinkona hennar hét Margrét. Alla daga eftir skóla fór hún að bera út dagblöð. Í einu af húsunum þar sem hún bar út blað bjó gömul kona sem hét Hulda. Hulda átti hund sem var 7 mánaða svartur Labrador sem hét Moli. Moli var mjög hress og skemmtilegur hvolpur sem elskaði að fara í göngutúra og leika sér.

Moli og Alexandra voru miklir vinir og tók hún Mola alltaf með sér að bera út blöðin þar sem Hulda átti erfitt með að fara með hann í göngutúr. Dag einn þegar Alexandra var að koma með Mola úr göngutúrnum, sagði Hulda við hana að þetta væri í síðasta skipti sem Alexandra tæki Mola með sér í göngutúr þar sem hún væri að fara á elliheimili og Moli þyrfti að fara burt. Hundar væru ekki velkomnir á elliheimilið þar sem Hulda ætti að vera í herbergi með annarri konu.

Þarna varð Alexandra að kveðja Mola í síðasta skipti. Er hún kom heim til mömmu sinnar og pabba varð hún mjög döpur. Foreldrar hennar tóku eftir því að Alexandra var döpur og fóru að spyrja hana hvað væri að. Þá sagði

Alexandra foreldrum sínum að Moli væri að fara í burtu vegna þess að gamla konan væri að fara á elliheimili.

Eftir þetta töluðu mamma hennar og pabbi saman og þeim fannst þetta svo leiðinlegt að þessi vinskapur væri búinn. Þau stungu upp á því við hvort annað að Alexandra fengi að eiga Mola. Þau fóru heim til Huldu og spurðu hvort Moli mætti ekki bara koma og búa hjá þeim. Hulda varð mjög glöð yfir því að þau vildu taka Mola með sér heim. Mamma og pabbi Alexöndru ákváðu því að koma henni á óvart og þegar Alexandra kom heim úr skólanum einn daginn var Moli þar.

Hún grét af gleði og var svo ánægð og hamingjusöm. Eftir þetta fóru Alexandra og Moli alltaf saman út að bera út blöðin. Þau komu alltaf við á elliheimilinu að heimsækja Huldu og hún var alltaf glöð að sjá þau.

# Bessi, Stína og steineldrisinn

*Týr Fengur Ólafsson, 7 ára*

Bessi og Stína eru vinir. Bessi er 8 ára og Stína er 6 ára. Einn laugardag voru þau að leika sér áskólalóðinni við Sæmundarskóla. Bessi fór upp í kastalann að leika sér eins og hann gerir oft en í þetta sinn steig hann óvart á falinn takka á gólfinu. Þá opnaðist lítið leynihólf við hliðina á takkanum og upp skaust kort. Hann tók kortið og renndi sér niður rennibrautina til að sýna Stínu hvað hann fann. Þau skoðuðu kortið saman. Á kortinu var mynd af eyju og fyrir ofan myndina stóð „Smábarnaeyjan“. Þau sáu að eyjan var rétt fyrir utan Reykjavík. Það var rautt X á myndinni, það var á miðri eyjunni. Bessi og Stína voru forvitin um hvort það væri einhver fjársjóður á eyjunni undir X-inu. Þau fóru heim til Stínu og spurðu mömmu hennar hvort hún vildi skutla þeim niður á bryggjuna í Grafarvogi. Mamma hennar var til í það. Þar var lítil skúta sem hægt var að fá lánaða fyrir 20 krónur. Bessi var einmitt með 20 krónur í vasanum.

Bessi og Stína sigldu út í eyjuna. Þegar þau komu út í Smábarnaeyju fundu þau stórar skóflur sem hafði verið stungið í sandinn. Þau tóku skóflurnar og gengu í átt að staðnum með x-inu. Á leiðinni töldu þau alla vega 50 smábörn sem bentu á Bessa og Stínu, það fannst þeim skrítið. Þegar þau veru komin að x-inu voru þar 5 smábörn sem sögðu:

„Þið megið alls ekki koma nálægt fjársjóðnum, það er eitthvað skrítið við kistuna.“

Bessi og Stína vildu ekki hlusta á smábörnin og byrjuðu að grafa. Þau grófu mjög langt niður í sandinn. Loksins rakst skóflan í kistuna. Bessi og Stína hjálpuðust við að ná henni upp úr holunni. Kistan var rauð á litinn með mynd af litlum eldrisa á lokinu. Til að opna kistuna þurftu þau lykil. Eitt smábarnið sem hafði varað þau við kistunni hafði lykilinn um hálsinn. Bessi og Stína báðu litla barnið mjög fallega um að láta sig fá lykilinn: Barnið sagði: „gjörið svo vel en ég vara ykkur aftur við: **EKKI OPNA KISTUNA!**“ Bessi og Stína voru alveg viss um að þetta væri allt í lagi en þau voru líka allt of forvitin til sleppa því að opna kistuna. Stína setti lykilinn í skráargatið og þá opnaðist kistan. Upp úr kistunni steig risastór steineldrisi. Um leið fór hann að trampa á húsum smábarnanna. Risinn var ótrúlega stór, hann var gerður úr steinum sem loguðu af eldi. Kraftar hans fólust í því að skjóta eldi úr báðum höndunum. Eldsteinrisinn var svo stór að hann gat vaðið sjóinn milli eyjarinnar og Reykjavíkur. Hann var því fljótur að komast yfir til Reykjavíkur og byrjaði að brenna allt sem hann sá, tré, hús og bíla. Bessi og Stína vissu ekkert hvað þau gætu gert til að stoppa steineldrisann. Eitt smábarnið á eyjunni sagði þeim frá bókasafni sem var þar og stakk upp á því að Bessi og Stína myndu fara þangað og leita í bókum að leið til að stoppa steineldrisann og koma honum aftur í kistuna. Inni á bókasafninu var lítið smábarn sem var bókavörðurinn. Bessi og Stína báðu hana að finna bækur um steineldrisa.



Mjög fljótlega var smábarna bókavörðurinn búin að finna tvær bækur. Fyrst opnuðu Bessi og Stína bók nr. 1 og sáu þar að til þess að stoppa risann þurftu þau að henda í hann grænfjólubláu seyði. Í bókinni stóð að uppskriftina fyndu þau í bók nr. 2. Í henni las Stína upp uppskriftina að seyðinu fyrir Bessa „kló af kisu, hraundropi, hundakúkur, steinn tekinn úr bjargbrún, jarðarberjakrem, 2 blóðdropar úr látnum manni, gullhár, tölvu móðurborð og fullt af vatni til að blanda í og sleif til að blanda með.“ Bessa og Stínu gekk mjög vel að finna allt nema kló úr kisu og hundakúk. Þar lentu þau í hremmingum. Bessi varð mikið klóraður á hendinni við að klippa beitta kisukló af pirraðri kisu. Stína spurði alla sem hún sá úti að labba með hundinn sinn hvort hún mætti eiga kúk hundsins, eftir að hann hefði lokið við að kúka. Það tókst eftir að hafa spurt átta hundaeigendur. Þau hrærðu öllum innihaldsefnunum saman í vísindaglas og settu svo lok á það.

Næst leituðu vinirnir að risanum og loks þegar þau fundu hann í miðri Reykjavík skvettu þau seyðinu á hann. Þegar seyðið lenti á risanum mynduðust sprungur í steinunum. Síðan brotnaði steineldrisinn í marga litla loftsteina sem lentu mjúklega á jörðinni og eldurinn slokknaði þar í steinunum. Sál risans sveif aftur ofan í kistuna. Bessi og Stína settu litlu steinana sem voru á jörðinni í poka og sigldu með þá aftur á eyjuna og settu þá ofan í kistuna, lokuðu henni og brenndu.

Þegar allt var búið og aftur komin ró og friður heyrðust fagnaðarhróp í fjarska. Næsta dag komu Bessi og Stína í fréttirnar og var talað um þau sem krakkahetjurnar í Reykjavík.

# Dularfullir atburðir í Norðurbæjarskóla

*Berglind Svana Helgadóttir, 9 ára.*

## 1. kafli – Flutningar

Á sólríkum þriðjudegi í ágúst keyrði fjölskylda eftir löngum vegi í átt að nýju lífi. Einn úr fjölskyldunni hét Brimar. Hann var nýorðinn 9 ára. Hann var að flytja í nýtt hverfi og fannst mjög erfitt að vera að fara frá öllum vinum sínum og kveið því að þurfa að kynna nýjum krökkum. Hvað ef engum myndi líka við hann í nýja skólanum? Hvað ef hann ætti ekki eftir að eignast neina nýja vini? Þetta, ásamt milljón öðrum spurningum, þaut í gegnum huga Brimars þegar hann keyrði inn Freyjugötu en þar stóð nýja húsið hans númer þrettán.

## 2. kafli – Nýr skóli

Brimar vaknaði klukkan 7 næsta morgun en hann þurfti að byrja í 4. bekk í nýja skólanum sem hét Norðurbæjarskóli. Honum leið ekki vel, hann kveið svo mikið fyrir. Mamma hans fylgdi honum inn í skólann. Aðstoðarskólastjórinn tók vel á móti þeim. Hann kynnti sig og sagðist heita Þórir. Þórir var mjög almennilegur við þau. Hann fylgdi þeim inn í skólastofuna hans Brimars en þar stóð nýi kennarinn hans, Bergþóra og fullt af nýjum bekkjarfélögum sem sátu við borðin sín. Bergþóra kynnti Brimar fyrir krökkunum og bað Jónínu, Palla og Ómar að sýna honum skólann. Þau dæstu og spurðu Bergþóru hvort

Þau þyrftu virkilega að labba um allan skólann. Hún sagði að þau hefðu gott af því að ganga svolítið. Brimar varð ofsalega hissa á þessari spurningu krakkanna. Hann lagði af stað með krakkana á hælunum. Þau sýndu honum ýmislegt, til dæmis bókasafnið, matsalinn og hinar skólastofurnar. Brimari leist vel á skólann en honum fannst krakkarnir of latir og þreyttir.

Þegar bjallan hringdi fóru krakkarnir inn í stofu og settust við borðin sín og byrjuðu að læra. Eftir 80 mínútur sagði Bergþóra þeim að sækja nestið sitt. Brimar fékk vatnsmelónu og jarðaber í nesti. Hann sat með Palla, Ómari og Jónínu. Brimar spurði krakkana hvenær þau færu út í frímínútur. Krakkarnir sögðu letilega: „Hér eru engar frímínútur lengur.“ Brimar varð verulega hissa og kom ekki upp orði. En rétt náði að stama út úr sér: „Hvað gerið þið þá í staðinn fyrir að fara út að leika?“ „Við lærum allan daginn,“ svöruðu þau þreytulega. Þau héldu áfram: „Þegar við vorum í 2. bekk tók einhver frímínúturnar af okkur og við höfum ekki fengið þær aftur síðan þá.“ Bergþóra sagði þeim fljótlega að sækja stærðfræðibækurnar sínar og halda áfram að reikna margföldunardæmin síðan í fyrradag. Brimari leið eins og þetta væri föstudagurinn langi í gamla daga, mjög langur og leiðinlegur dagur.

Þegar skólanum loksins lauk sótti mamma Brimars hann. Hann sagði mömmu sinni strax frá því að engar frímínútur væru í nýja skólanum. Brimar var sorgmæddur og saknaði gamla skólans mikið. Um kvöldið lagðist hann upp í rúm og

hugsaði hvað hann gæti gert til að gera nýja skólann skemmtilegri og hvernig hann gæti komið frímínútunum aftur á.


### **3. kafli – Góðar upplýsingar**

Brimar vaknaði morguninn eftir glaður og spenntur að fara að rannsaka frímínútnamálið. Þegar hann var kominn í skólann fann hann Ómar og Palla og bað þá um að hjálpa sér að koma frímínútunum aftur á í skólanum. Þeir voru mjög spenntir fyrir því. Þeir nemtu ekki að vera inni í stærðfræði allan daginn, alla daga.

Þá kviknaði á peru í kollinum á Brimari um að njósna um alla kennarana til að komast að sannleikanum. Strákunum fannst þetta geðveik hugmynd. Þeir fóru upp á skrifstofuna og byrjuðu að njósna. Allt í einu heyrðu þeir einhvern hlæja eins og NORN!!! Þessi rödd var drungaleg og skrítin. Manneskjan sagði „Þessi síðustu tvö ár hafa verið geggjuð eftir að ég tók frímínúturnar í burtu, krakkarnir eru orðnir svo latir og þreyttir“. Palli sagði: „Ég held að þetta sé ...“ en hann náði ekki að klára setninguna því að Þórir aðstoðarskólastjóri kom og spurði þá hvað þeir væru að gera. Þeir svöruðu ekki og strunsuðu niður í skólastofuna sína. Strákarnir ákváðu að halda áfram að njósna um kennarana næstu tvo daga og sjá hvort þeir myndu ná að leysa málið.

Eftir að strákarnir voru búnir að njósna í tvo daga var Palli handviss um að þetta hefði verið skólastjórinn að hlæja tveimur dögum fyrr. Hann sagði strákunum frá því sem hann hélt og Ómar tók andköf og sagði: „Nei, það getur ekki verið,

skólastjórinn er alltaf svo góð.“ Palli sagði „jú, þetta var skóla-  
stjórinn ég þekki röddina hennar.“ Ómar var ekki sammála  
Palla. Strákarnir ákváðu að halda áfram að njósna og komast  
að sameiginlegri niðurstöðu.



#### 4. kafli – Vondi skólastjórinn


Einum degi seinna litu strákarnir í gegnum rúðuna á skrifstofudyrum skólastjórans og sáu og heyrðu hana hlæja sama nornahlátrinum sem þeir höfðu heyrt nokkrum dögum fyrr. Þá föttuðu þeir hver það var sem hafði tekið frímínúturnar. Þeir hlupu niður í matsal að leita að Þóri en það tók þá í mesta lagi tvær mínútur að finna hann. Þórir trúði þeim ekki fyrst, því skólastjórinn var alltaf svo indæl en hann ákvað samt að fara með strákunum upp á skrifstofu til að komast að sannleikanum. Þegar þeir voru komnir fyrir utan skrifstofu skólastjórans heyrðu þeir hana segja: „Við þurfum að taka meiri gleði af krökkunum“ og fara svo að hlæja. Brimar sagði: „Nei, nú segi ég stopp,“ þeir opnuðu dyrnar og stukku inn.

Brimar hrópaði „hættu nú!“ Skólastjórinn sagði: „Hvernig dirfist þið að koma svona inn á skrifstofuna mína án þess að banka á dyrnar?“ „Hvernig dirfist þú að taka frímínútur af krökkum?“ sagði Brimar þá alvarlegur á svip. Skólastjórinn varð hissa og steinþagði. Þórir skammaði skólastjórann fyrir að vera svona vond við krakkana. Á meðan hlupu Brimar og strákarnir um skólann og söfnuðu öllum krökkunum saman. Brimar ræddi við þau að ef þau vildu fá að fara aftur út að leika í skólanum og hætta að vera löt og þreytt þyrftu þau að fylgja þeim. Þeir létu alla krakkana líka vita að skólastjórinn hefði tekið frímínúturnar af þeim fyrir tveimur árum og þau ættu öll að öskra á hana: „Farðu burt!“

Krakkarnir urðu mjög spennt og ofboðslega til í að fá frímínútur aftur í skólann. Þau gengu öll upp stigann grimm á


svip og tilbúin að öskra á skólustjórann. Þegar þau gengu inn um dyrnar öskruðu þau af öllum lífs og sálar kröftum á skólustjórann: „Farðu burt, farðu burt!“

Skólustjórinn varð hrædd og hljóp út úr skólanum og inn í bílinn sinn og keyrði burt. Allir fögnuð Brimari og strákunum og þeir urðu hetjur skólans. Þórir varð skólustjóri og setti frímínúturnar aftur á og allir urðu hamingjusamir í skólanum á ný. Aldrei sáust latir, þreyttir og fúllir krakkar í Norðurbæjar-skóla eftir þetta. Og vondi skólustjórinn sást aldrei frammar í Norðurbæjarskóla. Sem betur fer ...



# Halli hamstur og félagar

*Eva María Norðfjörð, 9 ára*  
*og Axel Máni Norðfjörð, 7 ára*







Einu sinni var hamstur sem hét Halli, honum fannst gaman að leika við vini sína og einnig mjög gaman að lita. Einnig var hann mjög flinkur að fara kollhnís.



Á sólríkum sumardögum fannst honum skemmtilegast að blása sápukúlur, busla í vaðlaug og drekka svalandi íste.



Á rigningardögum var gott að vera í græna regngallanum sem amma hans gaf honum. Þá var hann tilbúinn að busla í pollunum.




Á vetrardögum gisti hann oft hjá Kisa vini sínum og þeir spiluðu bingó saman.



Dag einn voru vinirnir á göngu nálægt eldgosi og þar komu þeir auga á slasaðan hund sem hét Perla.



Halli og Kisi veifuðu þyrlu sem var að fljúga yfir eldgosinu og Þorri þyrluflugmaður flaug með vinina og Perlu á spítalann. Perla hafði fengið skurð á vinstri framfót og vinstra eyra.



Á spítalanum sagði Perla nýju vinum sínum frá öllu sem gerst hafði. Eldgosið hafði runnið á húsið hennar og þegar hún var að flýja datt hún og slasaði sig. Halli og Kisi vildu vera góðir við Perlu og gáfu henni blóm, ný föt og súkkulaði.




Þegar Perla var útskrifuð af spítalanum, flutti hún til Halla hamsturs. Húsið hennar Perlu hafði eyðilagst í eldgosinu og Halli var með gestaherbergi. Þau voru ánægð saman í gula húsinu og Kisi kom oft í heimsókn.



### Spurningar

1. Hvaða dýr er Halli?
2. Hvað drekkur Halli á sólríkum sumardögum?
3. Hvernig er regngallinn hans Halla á litinn?
4. Hvað heitir besti vinur Halla?
5. Hvað heitir hundurinn sem slasaðist?
6. Hver hjálpaði vinunum á spítalann?
7. Hvaða gjafir fékk Perla?
8. Hvert flutti Perla?



# Draugasaga

*Óttar Ingi Kristófersson, 9 ára*

## 1. kafli

Einu sinni var vondur draugur sem fór inn í hús og það voru tvær stelpur inni í húsinu. Stelpurnar urðu mjög hræddar þegar draugurinn sagði úúúúú. Þá var hann að koma inn í herbergið þeirra. Þær voru uppi í rúmi. Draugurinn kom nær og nær stelpunum og þær fóru undir sæng. Þá leit draugurinn í spegil og sá sjálfan sig og öskraði hátt og lengi.

Stelpurnar öskruðu líka.

Þá kom annar draugur og þær kölluðu á mömmu og pabba: „Mamma! Pabbi!“ Þessi var líka vondur og öskraði þegar hann kíkti í spegilinn og sá sig sjálfan. Síðan komu mamma og pabbi og þau öskruðu þegar þau sáu draugana. Draugarnir voru svo reiðir að þeir öskruðu og stöppuðu niður fótunum.

Allir voru mjög hræddir því annar draugurinn slökkti ljósin.

Stelpurnar urðu enn hræddari og öskruðu: „AAAAA, hvað er að gerast, hjálpið okkur!“ Draugarnir nálgudust og nálgudust og stelpurnar og mamman og pabbinn voru mjög hrædd. Stelpurnar hjúfruðu sig saman og hvísluðust á. „Við skulum hringja í lögregluna og fá hana til að bjarga okkur.“

Draugarnir heyrðu stelpurnar hvíslast á og öskruðu: „Þið skuluð ekki voga ykkur að hringja á lögregluna!“ Stelpurnar öskruðu enn hærra og laumuðust samt til að hringja.

Lögreglan kom á svæðið og fangaði draugana í draugabox.  
Lögreglan vissi ekki að draugarnir gátu komist sjálfir úr boxinu.

## **2. kafli**

Lögreglan keyrði á lögreglustöðina með draugaboxið í skottinu á lögreglubílnum. Þegar lögreglumennirnir komu inn á lögreglustöðina opnuðu þeir boxið. Þá kom í ljós að það var tóm, draugarnir voru horfnir.

Draugarnir voru samt í boxinu. Þeir voru ósýnilegir þannig að löggurnar sáu þá ekki. Lögreglumennirnir voru mjög pirraðir. Þeir hringdu í allar hinar löggurnar og sögðu þeim að kíkjja í öll húsin í bænum og finna draugana. Draugarnir voru hissa yfir öllum þessum lögreglumönnum og kölluðu á alla draugavini sína.

Löggurnar keyrðu út um allan bæ og fóru í öll húsin að leita að draugum. Þær fundu bara tvo drauga en ekki draugana sem höfðu verið handteknir. Þetta voru gamlir góðir draugar sem voru að hjálpa fólki. Löggurnar sáu að þetta voru hjálpardraugar og slepptu þeim.

## **3. kafli**

Nú voru draugarnir einir á lögreglustöðinni því löggurnar voru úti um allan bæ að leita að þeim. Draugarnir voru í hláturskasti yfir þessu öllu. Þeir ákváðu að gera prakkarastrik. Þeir máluðu vegg í lögreglustöðinni með Póný-myndum. Þeir breyttu lögreglumerkinu sem var utan á húsinu í merki með Póný-hesti. Þeir breyttu líka fangaklefunum í skrifstofur

lögreglunnar. Skrifborðin og stólarnir og tölvurnar og allt sem löggurnar nota í vinnunni sinni var núna inni í fangaklefum.

Þegar löggurnar komu til baka voru þær mjög hissa að sjá Póný-myndir úti um allt og skrifstofurnar inni í fangaklefum. Fimm löggur fóru inn í fangaklefana til að skoða nýju skrifstofurnar og læstust inni. Hinar löggurnar gátu ekki hleypt þeim út því þær voru ekki lengur með lyklna Draugarnir voru með lykla að öllum fangaklefunum.

#### **4. kafli**

Stelpurnar tvær og mamman og pabbinn, sem draugarnir voru heima hjá, komu nú á lögreglustöðina og tókst að bjarga löggunum út úr læstu klefunum.

Löggurnar voru þakklátar og sögðu: „Takk, takk, takk fyrir að bjarga okkur.“ Næsta dag kom lögreglumaður í viðtal í fréttunum og sagði frá draugunum og öllu því sem hafði gerst. Þeir þökkuðu fjölskyldunni kærlega fyrir að vera hetjur og bjarga þeim úr fangaklefunum. Draugarnir hurfu allir og enginn hefur séð þá aftur. Hver veit, kannski eru þeir í öðrum bæ eða öðru landi?



# Krúsídúllurnar

*Sara Björk Eiríksdóttir, 9 ára*

Einu sinni var lítil átta ára stelpa sem hét Aníta, hún bjó í litlum bæ nálægt drungalegum skógi. Mamma hennar og pabbi höfðu sagt henni að fara ekki of langt inn í skóginn því mörg börn hefðu aldrei komið aftur þaðan þrátt fyrir mikla leit allra í bænum.

Dag einn varð hún forvitin að vita hvað væri í skóginum og hver hefðu orðið örlög barnanna sem hurfu. Aníta fór aðeins of langt inn í skóginn og áður en hún vissi af ... rataði hún ekki heim aftur. Langt inni í skóginum rakst hún á skuggalegt hús, húsið var greinilega málað fyrir löngu síðan, sprungur voru í gluggum og reykur stóð upp úr strompnum. Út úr húsinu kom gömul kona í slitnum fötum með grátt hár og furðulegan hatt. Aníta var farin að verða svolítið hrædd því að hún mundi eftir því hvað mamma og pabbi sögðu um krakkana sem höfðu týnst úti í skógi og aldrei komið heim aftur. Konan steig út fyrir dyrnar og ætlaði að nálgast Anítu. Aníta steig nokkur skref afturábak og gamla kona kallaði „passaðu þig á holun...“

Allt í einu var eins og að fótunum hefði verið kippt undan Anítu **AAAAaaaaaa!!!!!!!!** Hún rann ofan í jörðina líkt og í

rennibraut. Þegar hún hafði þotið niður í smástund endaði rennibrautin og hún sveif í lausu lofti, hún sveif á kjólnum svolítið eins og Lísa í Undralandi. Þegar hún var komin með fast land undir sig var hún stödd í sveppaþorpi, eða sko íbúarnir voru sveppir sem bjuggu í enn þá stærri sveppum.

Lýsing á verunum:

- allir með sveppi á hausnum
- flestir með eitthvað á bakinu eins og bakpoka
- ógeðslega sætir
- húsin voru úr sveppum svona eins og hjá Strumpunum!

Aníta var ekkert það stór miðað við aldur og var kannski bara aðeins hærri en sveppirnir. Ein mjög gömul sveppakona kom til hennar og sagði að þau hefðu bjargað henni frá Forboðna-Skógi. Þar bjó víst skelfileg seiðkona sem hét Búkolla og var mesti óvinur þeirra. „Óóóó!!!“ sagði Aníta enn ein spurning.

**„Hver eruð þið, eruð þið með leyfi?“**

„Ó, já ... hvers konar dónar erum við,“ segir sveppakonan. „Við erum krúsídúllurnar,“ sagði elsta krúsídúllan sem stjórnaði greinilega og kynnti flestar krúsídúllurnar eins og til dæmis: „Æi, ég gleymi nöfnunum, þær eru svo líkar og svo margar nema það var einn krúsídúllu-strákur sem hét Kevin.“

Eftir kynninguna spurði Aníta hvernig hún kæmist til baka.

Þá sagði æðsta krúsíduóllan:

**„... fara? En þú varst að koma væna mín, þú munt verða ein af okkur ... um alla eilífð,“** og fór hægt og rólega að breytast og á endanum varð hún mjög KRÍPÍ! Þá varð Aníta hugsað til gömlu konunnar sem krúsíduóllurnar kölluðu Búkollu. Kannski hafði hún reynt að vara hana við og bjarga henni. „En ég verð að fara, mamma og pabbi verða hrædd um mig og halda örugglega að eitthvað hafi tekið mig,“ sagði Aníta mjög órugg. Hún skynjaði einhverja reiði í krúsíduóllunum, hún var orðin mjög hrædd því það

uxu klær á krúsíduóllurnar og urðu stærri og stærri, tennurnar urðu að vígtönnum og ljótar bólur spruttu fram í andliti þeirra ...

Þarna **PANIKERAÐI** Aníta, tók eitt og eitt skref afturábak, allar krúsíduóllurnar voru farnar að reiðast og allt í einu hlupu þær allar af stað og það sama gerði Aníta.

Þegar Aníta var búin að hlaupa úr sér hjartað kom hún allt í einu að stóru bjargi. Ókei, nú voru tveir möguleikar:

Númer 1: að stökkva fram af bjarginu og vona það besta.

Númer 2: láta krúsíduóllurnar éta sig lifandi eða eitthvað jafnvel verra, hún þorði ekki að hugsa um það.

Aníta var nokkuð viss um að fyrri kosturinn hefði verið betri, svo áður en hún gat hugsað sig um stökk hún fram af bjarginu.

AAAAAA!!!!!!!!!!!!!!

„Guð minn góður, Guð minn góður,“ sagði hún í sífellu.

Splash!!!

Hún var komin á bólakaf en það síðasta sem Aníta heyrði var að elsta krúsíduflan sagði „er ég eitthvað að mygla eða haldið þið líka að hún sé dauð?“

En Aníta var ekki dáin, hún sá ljós djúpt ofan í vatninu og um það bil þegar lungun voru farin að öskra á loft, kom glóandi hafmeyja og galdraði loftkúlu utan um Anítu og sagði: „Á ég að senda þig aftur til baka?“ „Já, svaraði Aníta!!! ... hvernig get ég þakkað þér fyrir að bjarga mér?“

**„Ó, já, ég ætla að hætta að henda rusli í sjóinn.“**

vússs púss bamm búmm

Loftkúlan sveif af stað upp úr vatninu og yfir þorpið þar sem krúsíduflanar horfðu undrandi á hana. Aníta veifaði til þeirra og sagði „sjáumst seinna, krúsíduflan“ og sá hvernig gamla krúsíduflan varð æf af reiði og sparkaði í sveppahús sem hún stóð við hliðina á. Aníta sveif alla leið upp um holuna sem hún datt gegnum.

Loftbólan sprakk svo að lokum fyrir utan hús Búkollu. Aníta labbaði hægt að húsinu og allt í einu opnuðust dyrnar og Búkolla kom til dyra, „komdu inn gæskan,“ sagði Búkolla. Aníta kom inn fyrir og váááá ... húsið var svo flott að innan, þarna voru kertastjakar, myndir og líka feitur köttur.

„Fáðu þér sæti gæskan,“ sagði Búkolla. Aníta gerði það. Síðan spurði Búkolla hvað hún hét. „Ég heiti Aníta.“ „En fallegt nafn,“ sagði Búkolla, „ég heiti Auður.“

**„Haaa!??? heitirðu ekki Búkolla?!?“**

sagði Aníta. Auður frussaði te-inu út um nefið á sér...

„Búkolla!!! Afhverju í ósköpunum hélstu það?“ spurði Auður.

Aníta sagði Auði frá krúsíduílunum og hvort að hún vissi eitthvað um þær. Auður sagði Anítu frá því að krúsíduíllurnar hefðu í gegnum tíðina tekið börn sem hefðu farið of langt inn í skóginn og hneppt þau í álög. Hún væri búin að reyna að finna leið til að frelsa þau en ekkert gengi. „En værirðu til í að gera mér greiða,“ sagði Aníta. „Já, auðvitað,“ svaraði Auður. Þá spurði Aníta hvort hún væri ekki til í að hjálpa sér að komast heim?“ „Já, já, ekki málið,“ svaraði Auður, „ég er einmitt með rétta farartækið fyrir þig“ og sýndi henni loftbelginn sem var í bakgarðinum hennar. Á hlið belgsins var talan 40. Aníta spurði þá Auði út í það og Auður útskýrði fyrir henni að hún

hefði fengið loftbelginn í fertugsafmælisgjöf en aldrei þorað að nota hann.

Aníta öskraði af lífs og sálar kröftum þegar belgurinn tókst á loft en hún hafði aldrei verið hrifin af mikilli hæð. Þegar Aníta var búin að venjast hæðinni eða sko ekki beint venjast, meira svona halda fyrir augun á sér, sveif hún yfir svæðið þar sem ICEGUYS tónleikarnir voru í fullum gangi. „Ooohhhh,“ andvarpaði hún, „mig langaði svo mikið að fara á þessa tónleika. Úúúúúú ...HUGMYND,“ sagði Aníta og án þess að hugsa frekar út í það, stökk hún niður úr loftbelgnum og sveif á kjólnum fimlega niður á jörðina. Hún bjó sig undir að fagna vel heppnaðri lendingu en ...

„aaahh, ég er á sviðinu, uuuuu ...“ Ég er Aníta óstöðvandi, hugsaði hún og síðan ... rappaði hún með þeim „krumlaaaa, ég gefst upp og geng í burt, krumlaaa ég gefst upp á þérrrrrr!!!“

Í miðju viðlagi byrjaði hún að finna fyrir jarðskjálfta, allt hristist og nötraði. Er komið eldgos, hugsaði hún!? Nei, ég sé ekkert hraun ... En þá opnaði hún augun og sá mömmu og pabba sitja á rúminu hennar og reyna að vekja hana. Hún varð himinlifandi að þetta ferðalag hafi bara verið draumur.

Samt ekkert svo slæmur draumur.

# Leyndarmálið mitt

*Sigrún Sif Ómarsdóttir, 9 ára*

Ég var á leiðinni í skólann og þegar ég labbaði í gegnum garðinn minn sá ég geimskip. Ég var mjög hissa en líka smá forvitin svo ég ákvað að fara inn í geimskipið. Þar inni var geimvera sem var blá á litinn og með þrjú augu. Geimveran byrjaði að blaðra og blaðra alveg stanslaust við mig. Ég varð dálítið smeyk og sagði við hana að ég æfði karate, „svo láttu mig í friði“! Geimveran hætti að blaðra í augnablik og sagði svo allt í einu: „Hvað er karate“? og byrjaði svo aftur að blaðra endalaust. Ég ákvað að fara úr geimskipinu og halda áfram að labba í skólann en á leiðinni fann ég mjög skrytinn lykil sem leit út eins og sól. Ég setti lykilinn í skólatöskuna mína.

Þegar ég kom í skólann sagði ég öllum frá því að það hefði verið geimskip og geimvera í garðinum mínum. Enginn trúði mér því ég var þínu lygari stundum. Einu sinni sagði ég við krakkana að ég hefði fengið páfagauk sem gæti farið heljarstökk aftur á bak en það var ekki satt, ég vildi bara fá athygli og vera vinsæl. Eftir skóla fór ég heim og sagði mömmu frá geimverunni og hún trúði mér ekki. Næst fór ég til pabba og sagði honum frá geimverunni og hann trúði mér ekki heldur.

Næsta dag þegar ég fór í skólann labbaði ég aftur í gegnum garðinn og geimveran var enn þá í geimskipinu í garðinum.

Ég ákvað að kíkja inn í geimskipið en ég var svolítið smeyk um að geimveran færi að blaðra úr sér allt vit og ég myndi mæta of seint í skólann. Þegar ég kom inn í geimskipið var komin önnur geimvera og geimverurnar voru að tala saman á mjög skrýtnu tungumáli sem ég skildi ekkert í. Þær litu allt í einu á mig og störfu furðu lostnar. Ég varð svo hrædd að ég hljóp í burtu og rakleiðis inn í skólann. Ég ákvað að segja engum frá því sem ég sá því enginn myndi trúá mér.

Eftir skóla ákvað ég að mana mig upp og vera hugrökk og fara aftur inn í geimskipið því geimverurnar hlutu að vera villtar og þurftu kannski aðstoð við að komast heim til sín aftur. Ég fór inn í geimskipið og þær voru enn þá að tala saman en ég ákvað að ræskja mig svo þær myndu líta á mig. Þær litu ekki á mig sama hvernig ég reyndi að ná athygli þeirra. Á meðan ég var að reyna það, með því að sveifla höndunum og hoppa, sá ég glerbox sem var með takka og á glerboxinu var form eins og sól, alveg eins og sólarlykillinn sem ég fann í garðinum fyrir utan geimskipið. Ég prófaði að setja sólarlykilinn í glerboxið og á sama augnabliki opnaðist boxið og ég ýtti á takkann. Um leið og ég var búin að því hristist geimskipið mjög mikið. Geimverurnar hættu að tala saman og byrjuðu að fagna af gleði, þær litu á mig brosandí. Mér brá svo mikið að ég ákvað að stökkva út til að fara ekki upp í geim með þeim. Ég horfði svo á geimskipið hverfa á meðan ég lá á grasinu eftir að hafa stokkið út. Ég ákvað að halda þessu sem leyndarmáli sem bara ég vissi af. Því það trúði mér hvort sem var enginn og ég ákvað að skrifa þetta í leynibókina mína.



# Martröðin

*Mói Sigurjónsson, 9 ára*

Einu sinni var ég næstum því dauður eða hélt að það myndi gerast. Ég ligg uppi rúmi og get ekki sofnað. Ég hefði ekki átt að horfa á fréttirnar áðan með mömmu og pabba. Í fréttunum var verið að lýsa eftir morðingja sem hafði framið kaldrifjað morð fyrr í vikunni og var enn ófundinn. Herbergið var lokað en ég fann það á mér að það væri einhver þarna fyrir utan inni í eldhúsi. Ég vissi ekki hvað það var, manneskja eða ófreskja.

Ég ákveð að standa upp og athuga málið. Þegar ég opna dyrnar á herberginu þá sé ég í myrkrinu að inni í stofu er einhver sem líktist alræmdum morðingja og hann er að hnýsast í hnífaskúffuna. Þarna þurfti ég að vera snar og snöggur að hlaupa niður í herbergið til mömmu og pabba. Þegar ég kem þangað hristi ég pabba til svo að hann vakni og hvísla að þeim að eftirlýsti morðinginn sé uppi í stofu! Mamma og pabbi trúu mér ekki og vilja bara fara aftur að sofa og segja mér að koma bara upp í rúm til þeirra og fara að sofa, þetta hafi bara verið martröð hjá mér.

Þá heyrir DUNK DUNK uppi en mamma og pabbi eru steinsofnuð aftur og heyra ekki neitt. Þannig að þá þurfti ég að gera gildir sjálfur. Ég hafði einu sinni gert eina gildru á pabba sem svínvirkaði og nú þyrfti ég bara að endurtaka leikinn. Ég varð að finna til allt dótið sem þurfti en auðvitað

var það allt uppi. Svo fattaði ég að ég gæti notað tannþráð og bundið við handriðið á stiganum svo að morðinginn myndi detta. Þá gæti ég sannað fyrir foreldrum mínum að það væri eftirlýstur morðingi heima hjá okkur og þetta hefði sko ekki verið nein martröð. Sem þetta var nú eiginlega nema ég er vakandi. Sem betur fer finn ég tannþráð inni á baðherberginu sem er niðri og læðist upp stigann til þess að binda hann við handriðið.

Ég heyri þá fótatak sem nálgast stigann svo ég dríf mig niður stigann og fel mig í þvottakörfunni í þvottahúsinu og vona að hann gangi í gildruna. DUNK! DUNK! DUNK! DUNK! ÓP OG VEIN heyrast úr stiganum! Ég hleyp eins og fætur toga inn í svefnherbergi mömmu og pabba. Þau hljóta að hafa vaknað við þessi læti. Pabbi stekkur á fætur og hleypur fram. „Hvaða andskotans hávaði er þetta?“ öskrar hann og þá sér hann mann liggja vankaðan við fæturna á sér. Hann trúir ekki sínum eigin augum. Hann nuddar augun svo þegar hann var búinn að því hringir hann í neyðarlínuna og biður um hjálp. Sem betur fer er maðurinn rotaður og því engin hætta á ferð á meðan við biðum eftir lögreglunni og sjúkrabíl.

Þegar sjúkrabíllinn og lögreglan mæta loks, handtaka manninn og setja hann upp á börur þá sjá mamma og pabbi að þetta er AFI! Mamma tryllist og biður lögregluna um að leysa handjárnin því þetta sé pabbi hennar! Mamma hafði gleymt því að afi hafi ætlað að koma og gista hjá okkur og lét því pabba aldrei vita svo enginn vissi neitt. Afi hafði komið um nóttina og var með lykil, hann varað fá sér kvöldsnafl fyrir

svefninn þegar ég sá hann inni í eldhúsi. Lögreglunni fannst gildran mín algjör snilld en sagði mér að sleppa því næst og hringja frekar á lögregluna strax. Svo ræddu þau við mömmu og pabba um að taka mark á mér þegar ég væri hræddur.

Ég ætla allavega að sleppa því að horfa á fréttirnar framvegis.

# Afi spæjó

*Hallgerður Harpa Hilmisdóttir,  
Karítas Þórðardóttir, Rakel Harðardóttir,  
Sóley Ingvarsdóttir, Thelma Sigríður  
Helgadóttir, 11 ára*

Það voru einu sinni þrír krakkar, tveir strákar og ein stelpa sem langaði mjög mikið að leysa alvöru ráðgátur. Strákarnir hétu Rúnar og Atli og stelpan Ísold. Þau höfðu lesið allar ráðgátubækurnar og horft á allar ráðgátumyndirnar.

Einn daginn voru krakkarnir heima hjá afa Rúnars að drekka kakó. Hann var að lesa Fréttablaðið og var mjög áhyggjufullur á svip. Síðan kom afi Rúnars inn í eldhús og sagði: „Krakkar mínir, því miður þurfið þið að fara núna“.

Krakkarnir kláruðu kakóið sitt og fóru. Þau voru mjög spennt því þau fengu James Bond bók að láni frá afa Rúnars og ætluðu heim til Atla að lesa hana. Þegar þau komu heim til hans opnuðu þau bókina og það datt miði út úr henni. Þau urðu mjög hissa og ákváðu að lesa hvað stóð á miðanum. Þar stóð: Mæta út á fótboltavöll kl. 7:00. Krakkarnir veltu þessu fyrir sér og fannst þetta vera mjög dularfullt. Kannski hafði afi Rúnars gleymt þessum miða í bókinni.

Klukkan var orðin 19:30 og Ísold og Rúnar þurftu að fara heim en vildu það samt ekki af því að þau langaði að rannsaka

Þetta mál betur. Þau ákváðu að spyrja hvort þau mættu gista heima hjá Atla og þau máttu það. Þau voru búin að plana að fara snemma daginn eftir út á fótboltavöll og sjá hvort þetta væri í alvörunni miði sem afi Rúnars hefði skrifað. Næsta dag vöknudú þau snemma þótt það væri laugardagur til að sjá hvað afi væri að bralla.

Þegar þau komu á fótboltavöllinn sáu þau afa og svartklæddan mann vera að tala saman. Þeir fóru saman í hvítan sendibíl og keyrðu í burtu. Krakkarnir voru á hjólum svo þau eltu bílinn. Eftir smástund stoppaði bíllinn við hliðina á einhverju húsi sem var greinilega ekki hægt að búa í, gluggarnir voru brotnir og þetta hús var ekki búið að mála í örugglega meira en 50 ár. Krakkarnir voru í sjokki þegar afi og svartklæddi maðurinn fóru inn í húsið.

Krakkarnir kíktu í gegnum glugga á húsinu. Þau sáu afa og svartklædda manninn vera að tala saman. Afi Rúnars leit að glugganum og sá krakkana og sagði við þau að þau þyrftu að fara heim, greinilega orðinn reiður. Krakkarnir sögðu honum allt um miðann. Þá ákvað hann að hleypa þeim inn. Krakkarnir voru ekki alveg viss um að fara þangað inn því þessi svartklæddi maður leit alls ekki vinallega út en loks fóru þau inn. Afi Rúnars ákvað að segja krökkunum allt.

Hann sagði þeim að hann væri að leysa rísa vandamál og þessi svartklæddi maður væri að hjálpa honum. Þeir voru að reyna að ná dularfullum manni sem hefði stolið fullt af skartgripum. Afi sagði að krakkarnir mættu hjálpa til við að

finna manninn ef þau myndu ekki segja neinum. Eftir þetta fóru afi og krakkarnir heim til afa Rúnars til að ræða málin. Þegar þau komu heim sagði afi: „Það eina sem ég veit er að þessi maður ætlar einhvern tímann að flýja í burtu með alla verðmætu skartgripina.“ Krakkarnir voru mjög til í þetta.

Næsta dag fóru krakkarnir og afi í skartgripabúðina sem að dularfulli maðurinn hafði stolið úr. Afgreiðslumaðurinn sagðist ekki hafa verið á vakt þegar þetta gerðist og sá sem hefði verið á vakt byggi í Kaplaskjólínu. Eftir það keyrðu afi og krakkarnir í Kaplaskjólíð að hitta þann sem var að vinna daginn sem skartgripunum var stolið. Þegar þau komu bönkuðu þau upp á og það kom kona til dyra.

Afi spurði: „Geturðu nokkuð sagt okkur hvað gerðist þegar það var stolið úr búðinni?“ Konan sagði: „Þetta gerðist svo hratt, það eina sem ég veit er að hann var svartklæddur og með svart skegg.“ „Takk fyrir spjallið,“ sagði afi Rúnars og kvaddi konuna. Krakkarnir þurftu öll að fara heim og afi Rúnars fór líka heim til sín.

Næsta dag fóru þau aftur í skartgripabúðina til að finna eitthvað sem gæti hjálpað þeim með rannsóknina. „Bíddu hvað er þetta?“ sagði Atli og benti á moldina sem var fyrir aftan afgreiðsluborðið. „Eru þetta fótspor?“ sagði Ísold. „Eigum við að googla hvernig skór þetta eru. Kannski getum við þá fundið út eitthvað um þjófinn.“ „Nike pro,“ sagði Ísold sem var strax búin að googla það í símanum sínum. „Þjófurinn hefur örugglega verið í skítugum skóm

á meðan hann var að stela.“ „Segjum afa frá þessu,“ sögðu krakkarnir. Krakkarnir fóru til afa Rúnars. „Afi, afi, þú verður að koma,“ sagði Rúnar „Sjáðu þessi skítugu fótspor á gólfinu!“ „En hvernig á þetta samt að hjálpa okkur?“ spurði afi Rúnars. „Við vitum það ekki en við vitum samt að þetta eru Nike pro skór,“ sagði Ísold. „Ég skal hafa augun opin fyrir einhverjum í Nike pro skóm,“ sagði afi Rúnars.

Krakkarnir lögðu af stað heim en afi Rúnars ákvað að halda áfram að rannsaka í smástund lengur. Eftir að hafa hugsað sig aðeins um fattaði afi Rúnars að maðurinn sem var að hjálpa honum var þjófurinn. Hann er alltaf í Nike pro skóm, er með svart skegg og oftast svartklæddur. Þá sá hann mann labba inn í búðina og það var mjög skrítið af því að á þessum tíma var enginn í búðinni af því að henni var lokað eftir ránið. Maðurinn sá afa Rúnars og gekk til hans, greip í öxlina á honum og dró hann til sín og hvíslaði að honum: „Ef þú segir einhverjum þá lendir þú í vondum málum.“ Þetta var svartklæddi maðurinn.

Á sama tíma ákváðu krakkarnir að fara aftur til baka til að sjá hvernig afa Rúnars gengi því þau voru allt of spennt til að fara bara heim. Krakkarnir fóru inn í búðina og leituðu alls staðar en sáu afa hvergi. Allt í einu sáu þau afa og svartklædda manninn og um leið og þau sáu svipinn á svartklædda manninum vissu þau að eitthvað væri í gangi. Atli sagði að það væri eitthvað skrítið við þennan svartklædda og það væri best að hringja á lögguna. Krakkarnir samþykktu það. Löggan kom

skömmu síðar og það kom í ljós að svartklæddi maðurinn var þjófurinn sem stal úr skartgripabúðinni. Hann var greinilega hræddur við löggur því hann reyndi ekki einu sinni að ljúga. Þá var svartklæddi maðurinn handtekinn. Síðan bauð afi Rúnars öllum krökkunum í spæjaragengið sitt og þau fögnuðu og fóru og nutu þess að drekka kakó heima hjá afa.



# Draumurinn

*Kolbrún Emma Daðadóttir, 10 ára*

Hekla var að ganga heim úr píanótíma klukkan 19:40 þegar allt í einu kom mjög stór jarðskjálfti sem var eins og Suðurlandsskjálftinn. Um leið og jarðskjálftinn var búinn byrjaði mamma Heklu að hringja í hana. Mamma hennar sagði: „Hekla María hvar ertu?!“ „Í undirgöngunum hjá tónlistarskólanum,“ sagði Hekla. „Bíddu við tónlistarskólann, pabbi kemur að ná í þig,“ sagði mamma hennar. Þannig að Hekla hljóp aftur að tónlistarskólanum og beið eftir pabba sínum. En þá byrjaði Hekla að hugsa af hverju þetta hefði komið fyrir núna því það höfðu ekki verið neinir jarðskjálftar undanfarið. Svo kom pabbi hennar og hún gat ekki hugsað um það meir.

Þegar Hekla og pabbi hennar komu heim var klukkan 19:46 og mamma Heklu var búin að elda kvöldmat. Þegar fjölskyldan var að borða spurði Hekla pabba sinn hvað hefði gerst í dag þegar skjálftinn kom. „Við í víkingafélaginu Rimmugýgi höldum að Óðinn hafi fengið bréf frá Loka og sé reiður,“ sagði pabbi alvarlega. „Freyr, í alvöru, það er matur!“ sagði mamma ásakandi. Eftir mat reyndi Hekla að sofa en hún gat ekki hætt að hugsa um það sem pabbi hennar hafði sagt við matarborðið.

Næsta dag skrópaði Hekla í skólann en fór í staðinn á Landsbókasafnið og leitaði í fjóra klukkutíma að einhverjum

upplýsingum um hvort pabbi hennar gæti haft rétt fyrir sér því hún var svo forvitin. Loksins fann hún Völuspá í gamalli skinnbók og spáin var einhvern veginn svona:

Í fyrri tíð hér stóð ég hér og sá, mikla skjálfta á 1000 ára fresti. Óðinn var rændur, burtu brá honum svo snögg, Valhöll barst bréf um mikla hættu. Ef Óðinn eigi finnst, hefst mikill bardagi í Miðgarði. En stelpa sá þann eineygða<sup>1</sup>, þann æðsta, á þingi. Hún bjargaði ásnum,<sup>2</sup> sá það sem enginn annar sá, En svo hverfur hún á brott, eins og draumur að morgni.

Pegar Hekla kláraði að lesa Völuspána hugsaði hún að hún ætlaði að finna Óðin og stoppa bardagann. Svo hljóp Hekla heim til sín og Google-aði hvernig hún ætti að komast til Valhallar án þess að deyja en fann ekkert. En eins og allir vita þá kemst fólk bara til Valhallar ef það deyr í bardaga.

Þá ákvað Hekla að fara í Rimmugýgi, víkingafélagið sem pabbi hennar var í en hún var ekki spennt fyrir því að fara þangað því hún var hrædd um að fá engin svör. Þegar Hekla kom þangað hitti hún Eddu gömlu en enginn vissi hversu gömul hún væri og hún leit út fyrir að vera 250 ára gömul svo henni fannst það vera sniðugt að spyrja hana. Svo sagði Hekla: „Edda má ég spyrja þig að einu?“ Já, auðvitað, Hekla mín, sagði Edda. „Ömm ... veistu hvernig á að komast til Valhallar án þess að deyja í bardaga?“ Það leið smá tími þangað til Edda svaraði. „Já,“ sagði Edda síðan snögg og vandræðalega. „Er það ... geturðu sagt mér hvernig á að gera það?“ spurði

Hekla. „Já já,“ sagði hún fúl. Svo tók hún í höndina Heklu og dró hana inn í tómmt herbergi með sófa og sagði henni að leggjast þar. Edda sagði Heklu að loka augunum og ímynda sér að hún væri í Valhöll. Svo fór Edda með töfrapulu og allt í einu var Hekla lent við endann á regnbogabrúnni Bifröst.

Þá sá Hekla Heimdall vörð regnbogans svo hún öskraði hátt: „Heimdallur geturðu opnað Bifröst fyrir mig?“ Og áður en Hekla vissi af var hún labbandi á regnboga. Hekla stoppaði í smá stund á miðjum regnboganum til að dást að útsýninu því hún hafði aldrei séð annað eins. Þegar Hekla hafði gengið yfir regnbogann spurði hún Heimdall hvar Óðinn væri. Hann sagði að hann vissi það ekki en héldi að hann væri farinn til Miðgarðs. Þá varð Hekla alveg brjáluð yfir því að þurfa að fara aftur til baka svo hún öskraði af öllum lífs og sálar kröftum. Hekla hljóp aftur yfir Bifröst og heim til jarðar.

Hekla leitaði og leitaði að Óðni en fór svo og fékk aftur ráð frá Eddu gömlu sem sagði henni að leita á Þingvöllum. Á Þingvöllum sá Hekla loksins Óðin en hann var ofan í holu við Almannagjá. Um leið og Óðinn sá Heklu, kallaði hann til hennar: „Einhver er kominn til að bjarga mér!“ Þá vaknaði Hekla með andköfum og fattaði að þetta var allt draumur, eða hvað ... því tveir hrafnar Óðins sátu nú á ljósastaur fyrir utan húsið hennar.

<sup>1</sup> Eineygður: með eitt auga

<sup>2</sup> Ásnum: goðinu

# Fjórar mínútur

*Pórarinn Hauksson, 11 ára*

Hann er fæddur á gamlárstag klukkan 23:58, ég er fæddur klukkan 00:02 á nýársdag. Þannig að bróðir minn, Jónatan, er tæknilega séð einu ári eldri en ég.

Hann hefur alltaf haft það aðeins betra.

Til dæmis, í fyrra, ætluðum við tveir að fara einir í sund.

– Hvað eruð þið gamlir? spurði konan við afgreiðsluborðið.

– Ég er ellefu ára á árinu, sagði Jónatan, með þessari rödd sem hann notar þegar hann er að reyna að pirra mig.

– Ég er tíu ára, sagði ég.

– Er mamma þín með þér?

– Nei.

– Því miður, þá máttu ekki fara ofan í en hann má fara í búningaklefan.

Jónatan horfði á mig og glotti.

– Bless! Mamma sækir okkur klukkan sex!

Ég settist í stól og leit á klukkuna. Klukkan var hálf-fjögur.

Í sumar sá ég auglýsingu um nýjasta, fínasta bogfiminámskeiðið.

Ég varð ofboðslega spenntur að fara á það og bað mömmu að skrá mig.

Hún fletti námskeiðinu upp í símanum sínum og sagði:

– Mér þykir það leitt, yndið mitt, en það er bannað innan tólf ára.

Ég labbaði inn í herbergið mitt, nokkuð leiður.

En bróðir minn, sem hafði greinilega heyrt allt, sagði hástöfum:

– Hvað er þetta sem ég heyri um bogfiminámskeið?

Ég er tólf ára á árinu. Mætti ég ekki fara?

Og þannig fór það. Jónatan fór á vikulangt bogfiminámskeið á Vesturlandi á meðan ég hjálpaði ömmu að gróðursetja sumarblóm.

Svona var þetta alltaf hjá okkur Jónatan.

Í dag er *aumingja* Jónatan veikur. En mamma gerði það sem hún gerir stundum og ruglaðist og sagði skólanum að *Jón væri veikur*.

Ég hugsa: *Þetta er frábært tækifæri til að sanna að hann hefur það alltaf betra. Þetta er dagurinn þegar ég tek plássið hans.*

*Ég mun fá allt sem ég vil, þegar ég vil það, eins og Jónatan.*

*Ég get ekki beðið!*

Ég geng í skólann og vinir mínir heilsa mér.

– Hæ, Jón!

– Ég er Jónatan, segi ég hæðnislega og treysti á að við Jónatan séum nógu líkir til þess að vinir mínir þekki okkur ekki í sundur.

– En þú ert í peysunni hans Jóns, segir Stefán, besti vinur minn.

– Ég fann ekkert hreint sem ég á, svo ég tók peysuna hans.

Hann á aldrei eftir að fatta það, segi ég andstyggilega.

– Vegna þess að þannig virkar lífið þitt, segja strákarnir kuldalega og labba í burtu.

Þetta er ekki frábær byrjun á rannsókninni minni en Jónatan hefur það örugglega betra á öðrum stöðum.

Ég geng að vinum Jónatans og hugsa, þeir munu örugglega heilsa mér eins og kóngi.

– Hæ, litli!

– Hæ, segi ég, steinhissa. Ég var að fatta að þeir gnæfa yfir mig.

Steinar, stærsti strákurinn í hópnum, tekur húfuna mína og teygir höndina upp í loftið.

– Náðu í hana, litli.

Ég hoppa og teygi mig á meðan þeir hlæja allir að mér en sama hvað ég geri, ég næ ekki húfunni minni aftur.

Sigraður, fer ég inn í tíma.

– Krakkar, í dag, ætlum við að halda áfram með Afríku-verkefnið, segir Þórhalla kennari. Opnið samfélagsfræðibókina ykkar á blaðsíðu 137.

Persónulega var ég að læra um landamæri Norðurlandanna í samfélagsfræði í gær. Ég veit ekkert um Afríku.

Þegar hún er búin að lesa rétti ég upp hönd. Jónatan er örugglega algjör kennarasleikja.

– Þórhalla, hver er höfuðborgin í Afríku? spyr ég.

Þórhalla þagnar. Allur bekkurinn byrjar að skellihlæja. Ég veit ekki af hverju. Þegar allir eru hættir að hlæja segir Þórhalla:

– Afríka er heimsálfa.

Ég heyri ekki hvað vinir Jónatans eru að hvíslast um en eitt orð heyri ég.

*Heimskur.*

Ég roðna og spyr hvort ég megi fara á klósettið.

Eftir skóla fer ég á fótboltaæfingu. Félagið okkar er lítið

og æfir í tveimur flokkum, 6-11 ára og 12-17 ára.

Ég fer inn í eldri hópinn í fyrsta skiptið.

– Hvernig finnst þér nýja húfan mín, segir Steinar, stóri vinur Jónatans, með húfuna mína á hausnum.

Ég hunsa hann sár og skil núna af hverju Jónatan er alltaf að týna húfunni sinni. Þegar æfingin byrjar er okkur sagt að standa í línu til þess að vera valdir í lið. Á endanum stend ég einn á línunni.

– Getum við ekki bara haft hann á bekknum? spyr sextán ára strákur.

– Við erum ekki að fara að skilja neinn útundan, segir þjálfarinn, eins og vélmenni.

Það er aldrei sent á mig og sama hversu hratt ég hleyp næ ég aldrei boltanum. Í fyrsta skipti líður mér illa eftir að hafa farið á æfingu. Venjulega er ég að taka boltann og skora jafnóðum.

Þegar ég kem heim er ég búinn að fatta hvað ég hef það gott, þótt ég sé yngri. Ég er stærstur í bekknum mínum, ég er bestur í fótbolta, ég á bestu vini í heiminum.

Ég fer inn í herbergið hans Jónatans.

– Jónatan? Viltu kannski spila fótbolta með mér og vinum mínum á morgun?

Hann segir ekki neitt. Ég sest á rúmið hans og segi: Geeeeerðu það.

Hann gubbar á mig.

Þegar Jónatan er batnað sendir mamma okkur með pening í bíó.

– Ég heyri að nýja Terminator-myndin sé góð, segir Jónatan.

Hann er nú meira gerpið! Hún er bönnuð innan tólf ára og hann veit það. Þetta er *alltaf* svona!

En svo man ég hvernig lífið hans er. Æ, hann á þetta skilið.  
Í þetta eina sinn.

– Já, örugglega, segi ég.

Hann horfir á mig með forvitnissvip.

– Hvað varst þú að pæla? spyr hann.

– Ég fer bara á Mario á meðan, segi ég.

– Eigum við ekki bara að fara saman á Mario? spyr Jónatan  
og brosir.



# Hellirinn

*Kolbrá Sigrún Sigurðardóttir, 11 ára*

Anna hrökk upp. Aaaaa!!!! Mamma hennar hljóp inn eins hratt og hún gat, hún hélt það hefði eitthvað hræðilegt gerst. „Hvað er að ástin mín?“ spyr mamma. „Mig dreymdi hryllilega martröð,“ svaraði Anna andstutt. „Æi, hjartað mitt,“ segir mamma, „viltu ekki koma niður og fá þér morgunmat?“ Anna fór með mömmu sinni niður og fékk sér kókópuffs með mjólk. Hún var svo spennt að hún snerti varla á matnum. Anna og Sigrún vinkona hennar voru á leiðinni upp í helli sem þær sáu rétt fyrir ofan nýja húsið sem Sigrún var að flytja í fyrir nokkrum dögum. Þær höfðu ekki haft tíma til að fara upp í þennan helli en ákváðu að gera það í dag.

Eftir morgunmat fór hún strax til vinkonu sinnar. Það var dýrindis veður úti svo þær þurftu ekki neitt annað en skó og peysu. Þegar þær voru komnar upp að hellinum var Sigrún orðin svolítið smeyk og vildi helst fara heim því henni fannst eitthvað skrítið við þennan helli.

„Anna, mér líst ekkert á þetta,“ segir Sigrún hálf smeyk.

„Hvað, ertu eitthvað hrædd?“ segir Anna og flissar.

„Já, ég er það! Bara svona til að láta þig vita!“ svarar Sigrún ákveðin. Anna var mjög hissa á hvað Sigrún var ákveðin. Hún er von að vera sú sem er alltaf svo hrædd um að særa og gera eitthvað vitlaust.

„Hver ert þú og hvað hefur þú gert við vinkonu mína?“  
segir Anna stríðnislega.

Sigrún svarar hlæjandi: „Æ, hættu þessu.“

Þegar þær voru komnar að hellinum var Sigrún orðin mjög stressuð: „Anna, eigum við ekki bara að koma heim?“ „Nei, Sigrún, við vorum ekki að ganga alla þessa leið til að hætta við?“ svarar Anna. „Jú, gerðu það, förum bara heim, Anna.“ Sigrún var nú orðin verulega smeyk. En þegar hún leit á Önnu, var engin Anna þar.

„ANNA!! Hvar ertu?“ kallar Sigrún hátt.

„BÚÚÚ!! hah, þér brá!“ Anna birtist hlæjandi.

„Ekki ... HRÆÐA MIG SVONA!!!“ öskrar Sigrún á Önnu sem bregður rosalega og dettur aftur á bak.

„Hah ókei, við skulum þá bara ... komdu ... förum inn,“  
segir Anna vandræðalega.

„Nei, Anna ég held við ættum bara að fara heim,“ segir Sigrún. Hún var orðin bæði hrædd og pirruð. „Nei, Sigrún komdu,“ segir Anna og dregur Sigrúnu inn í hellinn.

„Ég er með vasaljós og það er mjög sterkt svo það verður ekkert myrkur ef þú ert myrkfælin. Komdu, það verðum allt í lagi og ég verð við hliðina á þér allan tímann, allt í lagi?“ segir Anna vingjarnlega.

„Jæja þá,“ segir Sigrún, enn mjög hrædd og eltir Önnu en nú mest til að passa vinkonu sína. Þegar þær koma inn í myrkrið kveikir Anna á vasaljósinu. Þær gapa af undrun og líta í kringum sig. Þetta var eins og í einhverri bío mynd. Þarna var risastórt og drungalegt bókasafn sem líktist völundarhúsi

búið til úr bókahillum og við enda vöfundarhússins var mjög skrítið ljós. Anna fer á undan inn í vöfundarhúsið en Sigrún hleypur á eftir henni.

„Anna ekki fara, ég myndi öskra úr hræðslu ef ég týndi þér!“ segir Sigrún. Þær mjaka sér áfram og fara örugglega svona 20 sinnum vitlausu leið þar til þær finna réttu leiðina. Loksins komast þær að ljósinu.

„Hvað er þetta eiginlega?“ spyr Sigrún. „Mér sýnist þetta vera bók,“ segir Anna. Þær færa sig hægt en örugglega nær bókinni. Einmitt þegar þær eru að fara að opna bókina slökknar á vasaljósinu.

„Ég næ ekki að kveikja á vasaljósinu!!“ segir Anna titrandi röddu.

„Hvað gerum við þá?“ spyr Sigrún hrædd. Nú sjá þær eitthvað óljóst í myrkrinu. Það kemur nær og nær. Það er eins og það svífi áfram eins og það sé ekki með ... „AAAA!!! þetta er draugur!!!“

Anna hleypur eins hratt og hún getur og Sigrún fylgir fast á eftir. Anna nær að komast í gegnum svona hálfvöfundarhúsið en uppgötvar þá að hún er alveg villt! Hún heldur samt áfram að hlaupa þangað til hún lendir í miklum vandræðum. Veggirnir eru allt í kringum hana og hún kemst ekki neitt. Hún sér þó eina smugu á veggnum þar sem hún gæti mögulega komist út en allt í einu birtist draugurinn þar. Hann kemur nær og nær og NÆR!!!

„Aaaaaaaaaaaaaa!!!!“ öskrar Anna og vonar að einhver komi og bjargi henni. Allt í einu kemur Sigrún öskrandi og kallar:

„Hei, þú asni! Þú munt aldrei ná mér!“

„Sigrún nei!!!“ kallar Anna. Draugurinn tekur á rás á eftir Sigrúnu en Anna stendur stjórf eftir. Þegar hún rankar við sér hleypur hún til baka og reynir að finna leiðina út. Þegar hún finnur loksins réttu leiðina og kemst út sest hún á stein fyrir utan hellinn og fer að hágráta af því að hún er svo hrædd um að hún hafi misst vinkonu sína.

„Hvað er að?“ spyr einhver.

„Hver er þetta?“ spyr Anna skelkuð.

„Komdu sæl, ég heiti Sigrún?“ svarar Sigrún glettin.

„Ha, Sigrún ert þetta þú?“ segir Anna og lítur snögg upp. Þegar hún sér að þetta er Sigrún kastar hún sér um hálsinn á henni og knúsar hana svo fast að Sigrún kafnar næstum.

„Sigrún, lofaðu mér að hræða mig aldrei svona aftur!“ segir Anna.

„Ég lofa! Ef þú lofar að draga mig aldrei aftur í svona vitleysu!“ segir Sigrún með ákveðni.

„Ég lofa því!“ segir Anna og knúsar Sigrúnu enn fastar.

Á leiðinni heim sagði Sara Önnu frá öllu sem hafði gerst.

„Þegar ég sá drauginn fara að þér varð ég allt í einu svo reið að ég réð ekki við mig svo ég bara varð að hlaupa og bjarga þér. En um leið og ég kallaði þetta með asnann og allt það þá varð ég aftur hrædd og bara tók sprettinn í burtu. Ég man eiginlega ekkert eftir því sem gerðist eftir það og svo var ég bara allt í einu komin út og sá þig þarna grátandi og ákvað að stríða þér

svolítið af því að þú varst að stríða mér þarna áðan. En ég er svo glöð að þú sért á lífi Anna,“ sagði Sigrún og knúsaði Önnu einu sinni enn. Anna knúsaði Sigrúnu líka og hvíslaði að henni: „ég er líka glöð!“

Þegar þær komu heim sögðu þær mömmu Sigrúnar alla söguna. Mamma Sigrúnar var mjög hissa og dreif sig að ná í bók og sýndi stelpunum.

„Þetta er bók sem afi minn skrifaði. Hann sagðist alltaf hafa séð einhvern draug en mamma, systur hennar og systur hans afa trúðu honum ekki svo hann ákvað bara að kaupa sér svona litla stílabók og skrifaði allar sögurnar sínar og ein er einmitt um helli. Hann hefði lesið allt sem hann fann um þennan helli en þarna bjó einhver vísindamaður sem dó fyrir löngu en sumir segja að hann sé þarna enn þá.“

„Heldur þú að þetta hafi verið hann?“ spurði Anna skelkuð. „Já, það gæti alveg verið og því skuluð þið ekki fara þarna aftur! Skiljið þið það?“

„Allt í lagi“ sögðu þær báðar í einu en horfðu hvor á aðra og voru ekki vissar um að þær gætu staðið við það.

# Hin jörðin

*Tinni Snær Aðalsteinsson, 11 ára*



Jón var einn heima með ömmu sinni. Amma hans hafði lagt sig inni í hjónarúminu og svaf þar værum svefni. Jón sat á klósettinu. Skyndilega, án nokkurs fyrirvara, voru þau komin yfir í Sólvallagötu 3: amma í hjónarúmið og Jón á klósettið.

Besti vinur Jóns, Gunnar, átti heima í þessu húsi ásamt foreldrum sínum. Sem betur fer var enginn á klósettinu á Sólvallagötu 3 en pabbi hans Gunnars, Arngrímur, hafði skroppið heim í hádeginu til að fara í sturtu. Allt í einu sat Jón á klósettinu með Arngrím við hlið sér syngjandi í sturtunni. Jón skildi ekkert í hvers vegna hann var allt í einu komin á klósettið heima hjá Gunnari. Hann flýtti sér fram og mætti þar Gunnari, sem var sem betur fer heima.

- Ha, varst þú á klósettinu hjá okkur? spyr Gunnar vin sinn hissa. Heyrðir þú pabba kannski syngja?
- Já, hann syngur frekar vel, svarar Jón.
- Já, hann var í drengjakór Suðurlands þegar hann var lítill, segir Gunnar. Við skulum hætta að tala um það hvernig pabbi syngur. Segðu mér frekar hvað ertu að gera hérna?
- Eeee, ég veit það ekki, ég var bara heima hjá mér á klósettinu og allt í einu var ég hér heima hjá þér á klósettinu hjá ykkur. Æ, ég hef eitthvað ruglast, segir Jón. Nennir þú að koma heim til mín?

Kannski man ég betur hvers vegna ég er hér heima hjá þér.  
Gunnar hleypur inn á bað til pabba síns og segir honum að þeir ætli heim til Jóns. Pabbi hans segir honum að muna eftir að taka símann sinn með og svo kveðjast þeir.

Vinirnir hlaupa yfir í Ljósvallagötu, sem er næsta gata við Sólvallagötu, og ætla heim til Jóns. Á Ljósvallagötu finna þeir hvergi húsið hans. Það er eins og það hafi aldrei staðið við götuna! Allt var nákvæmlega eins og vanalega nema húsið finnst ekki við götuna. Vá, hvað þetta er skrítið, hugsa strákar og vita alls ekki hvað þeir eiga að gera og hvað sé um að vera. Þeir ákveða að heyra í Nínu, jafnöldru sinni og vinkonu, því hún er oft svo ráðagóð. Þeim finnst hún alltaf vita hvað er best að gera. Þeir hlaupa beint áfram en beygja hjá Kjötborg og inn í Ásvallagötu þar sem Nína á heima. Þeir banka á dyrnar á húsinu hennar Nínu, sem kemur til dyra. Rétt þegar hún opnar dyrnar hálf hrópar Gunnar:

– Húsið hans Jóns er horfið!

– Ábyggilega ekki, segir Nína. Þið eruð bara að grínast.

En nennið þið að leika, strákar?

– Við erum ekki að grínast, segir Jón, komdu og sjáðu það sjálf, við finnum húsið hans hvergi.

– Hvað meinar þú? spyr hún. Hús eru bara á einum stað.

Svo hlaupa þau af stað í átt að Ljósvallagötu. Þegar þau hlaupa fram hjá Kjötborg kallar afgreiðslumaðurinn til þeirra:

– Eruð þið að koma til að fá ís, krakkar?

– Nei, nei við erum upptekin, hrópa krakkarnir og hlaupa eftir

Sólvallagötunni og inn á Ljósvallagötuna. Þá sér Nína með eigin augum að húsið hans Jóns stendur ekki lengur við götuna.

– Það er rétt, húsið þitt er ekki hérna Jón, segir hún.

– Já við vorum að reyna að segja þér þetta, segir Gunnar.

Nína svarar um hæl:

– Það er bara eitt í stöðunni við verðum að tala við pabba hans Björns vinar okkar. Hann ætti að vita þetta, því hann er náttúrlega forsetinn og einn af mestu þjóðhöfðingjum heims. Eitt sinn var Björn bekkjarfélagi krakkanna en flutti á Bessastaði þegar pabbi hans varð forseti.

– Hvernig eigum við að komast á Bessastaði, spyr Jón.

– Ég skal spyrja pabba minn hvort hann geti skutlað okkur, segir Gunnar. Hann hlýtur að vera búinn í baði núna.

Þau hlaupa heim til Gunnars og Arngrímur pabbi hans er tilbúinn að keyra þau á Bessastaði og heldur að krakkarnir séu að fara leika við Björn. Þau bruna saman öll að Bessastöðum og Nína, Jón og Gunnar hoppa út úr bílnum og banka á dyrnar. Björn kemur til dyra og Nína segir honum að þau finni ekki húsið hans Jóns. Björn er hissa og segir:

– Jú, það hlýtur að vera á sínum stað, leyfðu mér að líta á Google Maps. Björn sér þá, sér til mikillar undrunar, að húsið hans Jóns er ekki á kortinu og kallar á pabba sinn.

– Pabbi, pabbi hvar er húsið hans Jóns?

Forsetinn kemur til krakkanna og muldrar. Hús eru jú alltaf bara á sama stað. Hann biður um að fá að skoða kortið og spyr hvort



húsið eigi ekki að vera í Ljósvallagötu? Þau segja jú og þegar forsetinn skoðar kortið betur sér hann að húsið er ekki inni á kortinu og fer að hafa áhyggjur af að tilfærslan hafi ef til vill ekki tekist 100 prósent. Forsetinn verður stressaður og segir upphátt: – Ég þarf að láta Alheimsbandalagið vita.

Krakkarnir þagna, þar til Björn spyr: – Ha? Alheims hvað?

– Uuuuuuu, segir forsetinn. Ég meina sko ég þarf að láta mömmu þína vita. Svo ákveður hann að segja krökkunum frá Alheimsbandalaginu og hvað hafði gerst með jörðina. Þegar öfgar í veðurfari komu oftast og oftast fram með hitabylgjum, gróðureldum, mikilli úrkomu og flóðum mynduðu mestu þjóðhöfðingjar heims og sjö færustu vísindamennirnir Alheimsbandalagið. Þau vildu leita lausna fyrir mannkynið. Sem neyðarúrræði komst bandalagið að því að best væri að búa til falinn hnött út í geimi sem væri nákvæm eftirlíking af jörðinni. Þessi nýja jörð yrði nákvæmlega eins og sú gamla nema þar væri enginn loftlagsvandi og engin mengun. Allt væri umhverfisvænt og sjálfbært.

Alheimsbandalagið útbjó líka ósýnilegt efni sem það staðsetti í andrúmsloftinu. Ósýnilega efnið gat hulið hvern og einn jarðar-búa bæði dýr og menn og fært þá yfir á hina jörðina. Það gerðist eingöngu ef ýtt væri á tiltekinn hnapp. Þau einu sem vissu um nýju jörðina, ósýnilega efnið og hnappinn var Alheimsbandalagið. Ef til þess kæmi að jörðin yrði óbyggleg kæmu allir þjóðhöfðingjarnir saman við hnappinn og ýttu á hann samtímis – því öðruvísi virkaði ekki hnappurinn! Ef einhver léti af embætti sem

Þjóðhöfðingi fór hann í gleyskumeðferð, þannig að hann hætti að muna eftir nýju jörðinni, ósýnilega efninu og hnappnum en sá sem tæki við fengi þessa dýrmætu vitneskju sem bjarga mætti jarðarbúum.

Núna árið 2230 komst Alheimsbandalagið að þeirri niðurstöðu að íbúum jarðarinnar hefði ekki tekist að haga sér nógu skynsamlega til að bjarga jörðinni og það væri kominn tími til að ýtt yrði á hnappinn. Þjóðhöfðingjarnir komu því saman og ýttu samtímis á hnappinn. Á örskotsstund tilfærðust allir jarðarbúar yfir á nýju jörðina og fóru á nákvæmlega sömu staði og þeir höfðu verið á gömlu jörðinni nema Jón og amma hans. Eitthvað hafði farið úrskeiðis.

Vísindamennirnir í Alheimsbandalaginu skönnuðu allan heiminn þegar þeir gerðu nýju jörðina. Forsetinn segir krökkunum að sig grunaði að húsið hans Jóns hefði ekki skannast inn. Nú þurfi hann að fara strax til Makedóníu og hitta alla í Alheimsbandalaginu og fara yfir málið. Skanna þarf húsið inn á og endurhlaða aðgerðina og ýta aftur á hnappinn. Börnin langar öll að fara með til Makedóníu og suða í forsetanum um að fá að koma með. – Megum við koma með, gerðu það, leyfðu okkur að koma með, sögðu þau. Forsetinn hugsar sem svo, því ekki? Þau muni hvort eð er fara í gegnum gleyskumeðferð þegar lagfæringar verða yfirstaðnar. Forsetinn segir krökkunum að spyrja foreldra sína hvort þau megi fara með honum til Makedóníu og Nína og Gunnar hringja og fá leyfi til að fara. Jón segist ekki þurfa að spyrja neinn.

– Amma er að passa mig, segir hann, hún fattar ekkert að ég skreppi því hún er alltaf sofandi. Á þessum tímapunkti svaf amman einmitt í hjónarúminu heima hjá Gunnari.

Þau stökkva upp í Umhverfissvæna einkaþotu forsetans, sem var alltaf í viðbragðsstöðu og fljúga í átt til Makedóníu. Forsetinn hringir í samskiptaráðuneyti Alheimsbandalagsins þar sem vísindamennirnir eru allir samankomnir. Forsetinn biður þá um að láta alla þjóðhöfðingja heims vita af neyðarfundi í Makedóníu og að allir þurfi að mæta þangað. Klukkan er tvö þegar næstsamband við hollenska þjóðhöfðingjann, sem er í mestu makindum að borða skonsu þegar hann sprettur upp og snarast í einkaþotu sína og heldur til Makedóníu. Svipað gerist hjá þjóðhöfðingjum í Ítalíu, Frakklandi og hjá öllum öðrum þjóðum heims. Allir þurfa að halda rakleiðis til Makedóníu.

Þegar allir eru komnir heldur íslenski forsetinn langa ræðu um mikilvægi smáatriða og segir frá mistökum vísindamanna sem koma fram í því að það vanti hús númer 3 við Ljósvallagötu í Reykjavík á Íslandi og að það þurfi tafarlaust að laga þau mistök, skanna húsið sem gleymdist, endurhlaða aðgerðina og ýta á hnappinn. Í kjölfarið kemur fram óánægja meðal fundarmanna og mótmæli til íslenska forsetans vegna þess að hann hefði sagt börnunum frá Alheimsbandalaginu og aðgerðinni. Það væri klárlega brot á fyrstu reglunni í lögum bandalagsins. Íslenski forsetinn segir að það

hefði verið varúðarráðstöfun sem þurfti að gera vegna þess að drengurinn hérna – og bendir á Jón – býr í húsinu sem gleymdist.

– Hann upplifði mistökin og sagði vinum sínum sem eru hér með honum frá þeim. Börnin þurfa hvort sem er að fara í gegnum gleyskumeðferð.

– Allt í lagi, var sagt og útskýringarnar teknar gildar. Það var jú mikilvægt að Jón hafi sagt frá mistökunum. Vísindamennirnir fóru í það að skanna húsið hans Jóns og á meðan flaug forsetinn til Íslands með börnin svo þau væru á réttum stað þegar endurræsingin færi fram. Hann kom því þannig fyrir að þau færu í gegnum gleyskumeðferð í endurræsingunni. Börnin spyrja forsetann hvort þau myndu í alvöru ekki muna eftir þessu ævintýri?

– Nei, sagði forsetinn, en það verður til saga um fjórar hetjur sem komu að því að bjarga jörðinni með því að upplýsa um afdrifarík mistök sem voru leiðrétt. Þegar forsetinn var búinn að skila krökkunum á rétta staði bað hann þau um halda sig þar og svo flaug hann aftur til Makedóníu. Þegar þangað var komið voru vísindamennirnir búnir að skanna húsið hans Jóns inn í Ljósvallagötuna og endurhlaða aðgerðina. Allir þjóðhöfðingjar heimsins styðja samtímis á hnappinn og varð nýja jörðin um leið 100 prósent.

# Týndi jólasveinninn

*Bjartey Ebba Júlíusdóttir, 11 ára*

*Jódís Kristín Jónsdóttir, 10 ára*

Það var kalt úti og jólin nálgust. Það var komið kvöld og tvíburarnir Katla og Soffía voru að gera sig klárar í háttinn. „Viljið þið ekki setja skóna ykkar í gluggann?“ spurði mamma. „Jú, mamma, við vorum að fara gera það,“ sögðu stelpurnar. Stuttu seinna sagði mamman: „Stelpur, það er kominn háttatími, viljið þið ekki vera úthvíldar fyrir morgundaginn?“ Stelpurnar kláruðu að græja sig í háttinn og fóru upp í rúm.

Næsta dag kíktu stelpurnar í skóna sína en þar var ekkert. „Ætli Stekkjastaur hafi gleymt okkur?“ sagði Katla. „Eða erum við búnar að vera óþekkar?“ Þá kallaði mamma: „Góðan daginn stelpur, hvað fenguð þið í skóinn?“ „Við fengum mandarínur,“ sögðu stelpurnar en þær voru að segja ósatt. Skórnir voru tómir. Þá sagði Katla: „Sjáðu Soffía, það eru fótspor í snjónum. Við verðum að kíkja betur á þau.“ Þá kallaði mamma þeirra aftur: „Viljið þið búa til piparkökuhús af því það er frí í skólanum í dag?“ „Nei, kannski á morgun,“ sagði Katla, „við ætlum út að leika.“ Systurnar voru svo forvitnar að fara út og skoða sporin frekar.

Þær klæddu sig í flýti en í stað þess að fara út að leika fóru þær út að elta fótsporin í snjónum. Það var erfitt að vaða snjóinn því hann var svo djúpur. „Ég vildi að við

ættum góð skíði,“ sagði Katla, „þá væri auðveldara að ganga.“  
Soffía var alveg sammála.

Þegar þær voru búnar að elta sporin alveg upp í fjall sáu þær að þau lágu inn í helli. Systurnar þorðu ekki inn í hellinn en þær stoppuðu til þess að hlusta og þá heyrðu þær Grýlu öskra á jólasveinana og tröllabörnin.

„Þið skulið hunskast út að leita að bróður ykkar og ekki láta ykkur detta í hug að koma aftur fyrr en þið hafið fundið hann!“  
„En má ég fá smáköku í nesti?“ spurði Askur. Soffía og Katla áttuðu sig þá á því að eitthvað hafði komið fyrir Stekkjastaur sem var týndur.

Katla og Soffía fylgdust með úr leyni þegar systkinin Askur, Ausa, Blika, Bloki, Bolli, Botni, Bóla, Brynki, Bútur, Böðvar, Dallur, Djáni, Djangi, Dúðadurtur, Flaska, Gráni, Hniðja, Hnúða, Hnotur, Hnífill, Hnöttur, Jón, hinn Jón, Knútur, Kopur, Kylli, Kippa, Langleggur, Láni, Lápur, Leiðindaskjóða, Leppatuska, Leppur, Ljótur, Loki, Loðinn, Lúpa, Muka, Mosöll, Nafar, Nípa, Nútur, Nægja, Poki, Pútur, Sigurður og öll hin systkinin lögðu af stað í átt að hellinum hennar Tásu þar sem þau ætluðu að fá mat. Systurnar Katla og Soffía eltu þau í laumi og sáu þegar tröllasystkinin fóru inn í stóran helli.  
„Sástu þetta Katla, þau fóru inn í hellinn. Við verðum að komast að því hvað kom fyrir Stekkjastaur,“ sagði Soffía.  
„Við skulum fela okkur hérna og bíða þangað til þau koma út aftur.“

Stuttu seinna komu tröllasystkinin út úr hellinum með nóg nesti fyrir daginn. Katla og Soffía lágu bakvið stein og fylgdust

með. Þær voru svo nálægt að þær heyrðu allt sem tröllabörnin sögðu. „Þau mega ekki sjá okkur,“ hvíslaði Soffía. Þær heyrðu að tröllabörnin voru á leið til byggða og að þau ætluðu að ganga í gegnum bæinn. Þá heyrðist Langleggur segja að það væri betra að fara umhverfis bæinn af því annars myndu krakkarnir í bænum sjá þau og stoppa þau.

Eftir langa göngu voru systkinin komin yfir fjörðinn, hinum megin við bæinn. Katla og Soffía fylgdu á eftir. Þau gengu í átt að öðru hellisopi. Þetta var mjög skuggalegur hellir. Soffía og Katla voru orðnar mjög hræddar en samt smá spenntar líka. Þær læddust inn í hellinn á eftir tröllabörnunum.

Inni í hellinum voru pakkaræningjar sem ræna gjöfunum frá jólasveinum og börnum ár hvert. Það voru mjög margir pakkar þarna inni og þar sáu þær Stekkjastaur, sem var bundinn við stærsta pakkann. Þær heyrðu systkinin spyrja: „Megum við fá bróður okkar og pakkana til baka, hann hefur verk að vinna, það eru að koma jól?“ Þá sögðu pakkaræningjarnir: „Nei“ og tóku öll systkinin og bundu þau við stóru pakkana.

Katla og Soffía lögðu á ráðin í leyni og þeim datt í hug að hringja í Leppalúða sem var nýbúinn að fá snjallsíma. En þegar þær ætluðu að hringja föttuðu þær að hann er svo latur að hann næði aldrei að koma hingað fyrir jólin. Þá ákváðu stelpurnar að hringja í björgunarsveitina í staðinn.

„Halló, þetta er björgunarsveitin hvernig getum við aðstoðað?“

„Halló, við heitum Katla og Soffía og við ætlum að tilkynna að það eru pakkaræningjar sem rændu jólasveininum og

tröllabörnunum. Getið þið komið að hjálpa þeim?“ spurðu systurnar.

Þá sagði sá sem svaraði símtalinu: „Hættið að fíflast í okkur, við erum í vinnunni. Farið að leika ykkur,“ og svo var skellt á. Þá gerðu systurnar áætlun. „Önnur okkar felur sig hér og er tilbúin með stein,“ sagði Katla. „Hin kíkir og gefur merki þegar má kasta steininum. Við vonum svo að pakkaræningjarnir taki eftir þessu og fari að kíkja út. Þá getum við laumast inn í hellinn og frelsað jólasveinana og tröllabörnin. Allir verða þá glaðir.“

Katla tók upp stein og rétti Soffíu. „Kýlum á þetta,“ sagði Katla. Hún fylgdist með ræningjunum og gaf Soffíu merki þegar hún mætti kasta steininum. Soffía kastaði steininum og pakkaræningjarnir heyrðu það og fóru út að gá hvaða hljóð þetta hefði verið. Á meðan fóru stelpurnar inn í hellinn og frelsuðu alla. Þá sögðu jólasveinarnir og tröllabörnin: „Takk kærlega fyrir, þið munuð eiga góð jól og við sjáum til þess að þið fáið geggjáðar gjafir.“

Þau laumuðust út úr hellinum áður en pakkaræningjarnir komu aftur inn og hlupu í átt að bænum. Þá föttuðu þau að þau hefðu átt að loka ræningjana inni í hellinum. Tröllabörnin sneru við en Katla og Soffía héldu áfram heim. Sem betur fer voru tröllabörnin mörg og gátu lokað hellinum með stórum steinum.

Katla og Soffía fóru beint upp í rúm því þær voru mjög þreyttar eftir langan dag. Þegar þær vöknudu næsta dag sáu þær að glugginn var opinn og gluggatjöldin blöktu í vindinum.



Þær fóru til að loka glugganum en sáu þá splunkuný skíði í gluggakistunni. Á skíðunum var lítill miði sem á stóð

„Til Kötlu og Soffíu, takk fyrir allt.“

Þetta var besta gjöf sem systurnar gátu hugsað sér.

„Við verðum að fara að prófa þau,“ sagði Soffía. Systurnar fóru út til þess að prófa skíðin en voru á sama tíma hugsí yfir því hvað hefði orðið um pakkaræningjana. „Ætli þeir séu enn þá inni í hellinum? Ætli þeir hafi komist út?“ sagði Soffía.

# Ævintýri Fernandos

*Ingibjörg Matilda Arnórsdóttir, 10 ára*

Á Fiumicino flugvellinginum í Róm á heima fluga sem heitir Fernando. Hann á bara nokkuð venjulegt líf, sem fluga. Á hverjum morgni fer Fernando í vinnuna sína á flugvellinginum. Hann vinnur sem björgunarfluga fyrir flugur sem hafa lent í vandræðum eins og að detta ofan í klósett eða festast í samloku. Fernando finnst alltaf gaman í vinnunni svo lengi sem hann þarf ekki að koma nálægt stóru málmfluglunum. Hann kemur aldrei og mun aldrei koma nálægt þeim. Það eru skelfilegar verur sem gleypa í sig mannverur og fljúga svo á brott.

„Við sjáumst í kvöld!“ hrópar Fernando til systkina sinna áður en hann lokar dyrunum eftir sér og flýgur af stað.

Þá hringir síminn.

„Halló, Fernando hér.“

„Neyðartilfelli við Hlið 24, fluga kramdist undir stól,“ heyrir úr símanum.

„Skilið,“ svarar Fernando og tekur stefnuna á Hlið 24. Þegar hann er kominn á staðinn lítur hann í kringum sig til að leita að flugunni. Þegar Fernando finnur sjúklinginn sinn er önnur björgunarfluga komin á staðinn og er að hjálpa flugunni undan stólnum. Fernando lendir við hlið stólsins og spýtir á framfætur og nuddar þeim svo saman, eins og flugur gera.

„Drífdú þig nú,“ segir hin björgunarflugan óþolinmód.

Fernando tekur upp teppi og vefur það utan um sjúklinginn, svo bíður hann eftir að sjúkraflugurnar komi að sækja slösuðu fluguna.

„Púff!“ stynur Fernando og sekkur niður í stól. Hann er búinn að fljúga út um allan flugvöllinn til þess að bjarga flugum, núna bara getur hann ekki meir. Þá kemur stór mannvera sem vill setjast á stólinn sem hann situr á. Fernando rétt nær að fljúga í burtu áður en mannveran sest niður. Fernando horfir í kringum sig og sér litla stelpu sem er að horfa á Hvolpasveitina. Fernando líkar vel við stelpuna og sest á höfuðið hennar og sofnar.

Allt í einu hristist Fernando til. Hann sest upp glaðvakandi. „Hvar er ég?“ spyr hann sjálfan sig. Svo sér hann stóran kringlóttan glugga og kíkir út. Þá skilur Fernando hvar hann er. Hann hefur séð þessa glugga áður, þeir voru á risastóru málmfuglunum. Fernando ræður ekki við sig, hann flýgur á allt sem hann sér og öskrar „HJÁLP, HJÁLP!“

„Get ég hjálpað þér,“ spyr vinaleg rödd. Fernando snýr sér við. Þar stendur flugustelpa með bakpoka og nafnspjald. Á spjaldinu stendur PÁLÍNA. Andaðu inn og út, hugsar hann og reynir að róa sig niður.

„Af hverju varstu svona hræddur?“ spyr Pálína. „Hefur þú aldrei farið í flugvél áður?“

„Nei, mér finnst best að halda mig nálægt jörðinni“ svarar Fernando skömmustulega og horfir á fætur sína.

„Þetta verður allt í lagi, ég get hjálpað þér ef þú vilt.“

Fernando þiggur boðið um leið og málmfuglinn, sem Pálína kallar flugvél, lækkar flugið. Þegar flugvélin hefur lent fylgir

Pálína Fernando út úr vélinni og inn um einhverjar dyr og inn í hús sem lítur alveg út eins flugvöllurinn heima í Róm. Fernando staldrar aðeins við til að horfa á stórt skilti sem á stendur:

VELKOMIN TIL ÍSLANDS

„VÁ!“, segir Fernando með aðdáun í röddinni.

„Ertu að koma?“ hrópar Pálína. Fernando sér að Pálína er komin langt á undan og drífur sig til hennar.

Fernando hefur svo margar spurningar og hann spyr allra á sama tíma. „Hvaða land er Ísland? Koma allar flugvélar hingað? Hvar er næsta klósett?“

„Rólegur, ég er ekki neinn fararstjóri! Ég var að koma úr sumarfrí og þú mátt alveg koma í heimsókn til mín í smástund, ef þú vilt?“

Fernando kinkar kolli.

„Komdu með mér, ég veit um góðan stað fyrir flugur sem elska hita!“ segir Pálína og flýgur af stað eftir löngum gangi.

„Bíddu!“ hrópar Fernando og flýgur á eftir nýju vinkonu sinni.

Það er mjög kalt á flugvellinum, ekki eins og heima í Róm og Fernando er alveg að deyja úr kulda en Pálínu virðist ekkert kalt. Fyrir utan flugvöllinn blasir við honum stór málmkúla með stóran odd sem stingst út úr kúlunni. Hvaða stóra vera er þetta? Er það kannski svona sem þessar flugvélar verða til?

Úr risaeggjum? hugsar Fernando og vinkar stóru kúlunni til öryggis. Við hliðina á kúlunni stendur Pálína og bíður. Rúta með skilti sem á stendur Reykjavík Excursions stoppar fyrir framan þau. Dyrnar opnast sjálfkrafa. Þau grípa tækifærið og fljúga inn í rútna rétt áður en hún troðfyllist af fólki.

„Svo, hvert erum við að fara?“

„Þú sérð það seinna, hí hí,“ hlær Pálína.

Tíminn líður. Þau reyna að vera eins almennileg og þau geta en stundum springa þau úr hlátri út af engu. Pálína dregur upp spilastokk og litabók. Út um gluggann sér Fernando risastór fjöll og vatnsmiklar ár. Stundum rignir en af og til sést glitta í sólina. Einu sinni fara þau út úr rútnunni til að fá sér að borða með mannverunum (Pálína segir að þetta séu ferðamenn).

Allt í einu segir Pálína: „Rútan stoppar næst í Grindavík og ég bý þar svo þú vitir það.“ Fernando bara kinkar kolli, og nuddar saman framfæturna. Svo stoppar rútan. Núna þurfa þau að drífa sig út úr rútnunni áður en hún heldur áfram. Pálína og Fernando eru fljót að taka saman dótið sitt og koma sér út úr rútnunni.

„Við þurfum að fljúga síðasta spölinn svo að það er örugglega best að við leggjum af stað áður en það kemur myrkur,“ segir Pálína á meðan hún leitar að einhverju í bakpokanum sínum. Síðan dregur hún upp tvær þykkar úlpur. „Það er ekki gott að

frjósa í hel þegar maður er næstum því kominn á áfangastað,“ segir hún og hlær. Þau fara í úlpurnar og hefja sig til flugs. Eftir stutta stund stoppa Pálína og Fernando til að hvíla sig. Fernando sér glitta í reyk ekki svo langt í burtu. „Hvaða reykur er þetta?“ spyr hann forvitinn.

„Þarna á ég heima,“ svarar Pálína rólega.

„Er kviknað í húsinu þínu?!“

„Nei kjáni, þetta er gufa frá Bláa lóninu. Komdu, það er rosalega heitt og þægilegt, fullkominn staður fyrir flugur eins og þig.“ Því nær sem Fernando og Pálína koma að Bláa lóninu finna þau hvernig það verður heitara og heitara. Þau fljúga yfir kantinn á lauginni og við þeim blasir paradís!

Þá heyrir Fernando hátt hróp: HJÁLP, HJÁLP!

Af gömlum vana þýtur Fernando af stað í átt að sínu nýja lífi, sem:

**BJÖRGUNARFLUGAN Í BLÁA LÓNINU**

# Risaeðlurötunarvélin

*Aðalgeir Emil Arason Kjærbo, 10 ára*

Einu sinni var 10 ára strákur sem hét Tulio. Dag einn þegar Tulio var að leika sér í skógi skammt frá húsinu sínu, sá hann eitthvað sem líktist eggi og hann fór nær til að skoða það betur. Hann var ekki alveg viss um hvers konar egg þetta var. Hann var samt alveg handviss um að þetta væri einhvers konar egg. Þetta egg var mjög stórt, svo hann hugsaði með sér að þetta gæti mögulega verið risaeðluegg. Þess vegna hringdi hann í vinkonu sína, Doktor Sif, af því að hún var risaeðlufræðingur og hún vissi alveg örugglega hvers konar egg þetta væri. Hún hafði lært risaeðlufræði hjá afa Tulios, en hann hafði verið einn frægasti risaeðlufræðingur allra tíma.

„Er þetta Sif?“

„Já.“

„Ég held að ég hafi fundið risaeðluegg hérna í skóginum rétt hjá húsinu mínu. Á ég að fara með eggið eitthvert eða á ég að bíða eftir þér?“

„Þú mátt fara með eggið út á bílastæði og þá get ég komið og borið kennsl á það.“

„Sif, viltu þá að ég rúlli egginu á bílastæðið og bíði eftir þér?“

„Já.“

Hún skellti sér í létt rautt vesti út af því að það var svo heitt úti. Nokkrum mínútum síðar var hún komin á bílastæðið. Tulio var





alveg að koma og hún sá að hann var orðinn mjög þreyttur. Þá fór hún út úr bílnum og hjálpaði honum að rúlla egginu síðasta spölinn. Hún sá samstundis að þetta var risaeðluegg af því að hún hafði lært að þekkja risaeðluegg frá öðrum eggjum hjá afa Tulios. En þá sá Tulio glitta í skrítið tæki í bílnum og spurði:

„Sif, hvað er þetta eiginlega?“

„Þetta er risaeðlurötunarvél. Hún beinir okkur að risaeðlunni sem á eggjö.“

Þau hjálpuðust að við að setja eggjö upp á pallinn á bílnum og festa það til að koma því aftur til risaeðlunnar. Svo tók Tulio trefil úr vasanum og sýndi Sif hann. Hún brosti og sagði:

„Ohh, en gaman að hann skyldi gefa þér þennan trefil.“

„Ha, hvað meinarðu? Hver? Þekkirðu þennan trefil?“

„Nú, hann afi þinn. Þetta er trefillinn sem ég þrjónaði fyrir hann í afmælisgjöf.“

„Ha neh, ég fann sko trefilinn í skóginum, hjá egginu!“

„Nú, komst þú ekki með hann?“

„Nei, ég hef aldrei séð þennan trefil áður! En ef afi dó fyrir níu árum, hvað er þá trefillinn hans að gera hér?“

„Það skil ég ekki heldur.“

„En Sif, ertu viss um að þú hafir gert þennan trefil?“

„Já. Ég þekki hann á mynstrinu. Sjáðu, það eru alltaf uggeðla, egg, kambeðla og egg til skiptis.“

„Er ekki til annar svona trefill á Íslandi?“

„Nei, ég held ekki. Ég hannaði mynstrið sjálf.“

„Sif, var ekki afi risaeðlufræðingur eins og þú?“

„Jú. Hann kenndi mér allt sem ég kann núna og hann var heimsfrægur. Svo hvarf hann bara einn daginn alveg spor ...“

Píb, píb, píb, píb, píb, píb.

„Sif, hvaða hljóð var þetta?“

„Þetta var rötunarvél. Hún hefur fundið einhver risaeðluspor. Sjáðu hérna, það eru sex spor sem umkringja okkur. Tulio, það eru 10.000 spor fyrir aftan og fyrir framan okkur eru það 20.000 spor – þau liggja í norður.“

„En Sif, hvað þýðir þetta merki?“

Tulio sá að brosið á andliti Sifjar breyttist í undrunarsvip.

„Ég á ekki til orð ...“

„Hvað meinarðu?“

„Ha, hliðið er þá til!“

„Hvaða hlið?“

„Hliðið yfir í risaeðluvíddina. Það lítur út fyrir að við verðum að fara gegnum það ef við viljum eiga einhvern möguleika á að skila egginu og finna út meira um hvarf afa þíns! En ef marka má sögurnar opnast hliðið bara í stuttan tíma á nokkurra ára fresti og birtist á nýjum og nýjum stað svo ef við erum of lengi þá festumst við kannski að eilífu.“

„En Sif, af hverju blikkar merkið núna?“

Sif brá.

„Aaahh. Það eru sex tímar þangað til að hliðið lokast! Fljótur Tulio, sestu inn í bíl!“ Sif festi rötunarvélina framan á bílinn og brunaði af stað. Þau keyrðu í 2 tíma eftir þjóðveginum en svo sá Tulio á rötunarvélinni að þau þurftu að beygja inn á fáfáfarinn vegslóða. Hann varð smám saman lélegri og erfiðari

og á endanum sukku þau í leðju og bíllinn festist. Þau náðu með herkjum að koma egginu úr bílnum og rúlla því úr leðjunni en þreyttust svo við átökin að þau urðu að setjast niður og fá sér að borða áður en þau héldu aftur af stað. Þau gengu inn í þykkann skóg og stoppuðu ekki fyrr en risastórt lauf hindraði þau. Þau lyftu því frá og sáu að fyrir aftan það var eins og það væri annar heimur.

Við þeim blasti langur dalur en það var svo mikil birta að Tulio og Sif urðu að sleppa laufinu og halda fyrir augun og reyna svo aftur. Þetta hlaut að vera hliðið. Þau voru hrædd við að fara yfir í hina víddina vegna þess að þau vildu ekki verða étin af ráneðlum en líka vegna þess að þetta hlaut að tengjast hinu dularfulla hvarfi afa Tulos. Og kannski yrði erfitt að rata til baka. En þau hertu upp hugann og fóru í gegn. Eftir 30 mínútna göngu datt Tulio um eitthvað.

„Ááá!“

„Tulio, er allt í lagi!“

„Já, ég held það.“

„Hvernig dastu?“

„Ég veit það ekki. Ég held að ég hafi dottið um eitthvað gyllt og ryðgað.“

„Já, ég sé hvað þú dast um. Hér er eins og ryðgaður hreyfill og grár vængur.“

„Bíddu Sif, ertu til í að kíkja í símann svo ég geti séð mynd af flugvélinni hans afa!“

„Já, ég var að hugsa það sama! Þetta er flugvél hans! Ég man það af því að ég flaug svo oft með honum í þessari flugvél“

„Ókei Sif, í þessari ferð erum við búin að finna bæði trefilinn og flugvélina.“

„Og við erum að leita að risaeðlum og hann var risaeðlufræðingur.“

„Þetta útskýrir hvernig hann dó.“

Svo heyrðu þau öskur og þau virtust koma úr vestri. Þau gengu á hljóðið og földu sig svo engar risaeðlur sæju þau. Svo sáu þau risaeðlur slást og ein þeirra fór svo nálægt þeim að þau urðu að færa sig en þá lentu þau beint í fanginu á gömlum karli. Hann leit á Tulio og sagði:

„Er þetta sá sem ég held að þetta sé? Síðast þegar ég sá þig varst þú eins árs.“ Tulio áttaði sig og svaraði:

„Og síðast þegar ég vissi varst þú dáinn!“

„En hvernig funduð þið mig?“

Þau sögðu afa Tulios alla söguna og sýndu honum eggjöð og trefilinn. Þá vissi hann strax hvaða egg þetta var.

„Þetta er eggjöð sem ég fann fyrir níu árum. Þá hafði hliðið opnast í skóginum rétt hjá húsinu þínu, Tulio. Þegar ég kom voru risaeðlurnar sofandi svo ég tók eitt egg til að fara með það á rannsóknarstofuna mína. En þegar ég ætlaði að skila því voru þær farnar. Ég fór með eggjöð aftur út fyrir hliðið, á stað sem ég myndi finna auðveldlega aftur, og faldi það svo enginn tæki það. Svo setti ég trefilinn utan um það svo því yrði ekki kalt. Eggjöð var náttúrulega miklu minna þá. Þá fór ég gegnum hliðið á flugvélinni til að vera fljótari að finna þær úr lofti en brotlenti þegar ég komst í gegn. Ég yfirgaf flugvélina í fallhlífinni og festist hér og svo finnið þið mig núna níu árum síðar.“

„En afi, eigum við ekki að fara með eggid til risaeðlunnar sem á það, af því að ég held að hún hafi saknað þess mjög lengi.“

„Já við erum búin að vera að passa það svo við getum skilað því,“ bætti Sif við.

„Jú, frábært, ég skal hjálpa ykkur með eggid.“

Þau rúlluðu egginu af stað.

„Afi veistu hvað þær eru margar,“

„Hverjar?“

„Risaeðlunnar.“

„Þær eru um 100.“

„Eru þær góðar eða vondar?“

„Kannski ekki vondar en mishættulegar. Flestar eru jurtaætur en aðrar eru kjötætur.“

„En hvaða tegundir eru hérna?“

„Það eru uggeðlur, eins og sú sem á eggid, kambeðlur, finngálkn og þórseðlubróðir og þannig mætti lengi telja. Sko, sjáið, þarna er hún, risaeðlan sem á eggid.“

Þegar þau voru komin gáfu þau eðlunni eggid og hún var afar þakklát fyrir að þau skyldu hafa passað eggid sitt. En svo fór risaeðlurötunarvélin allt í einu að pípa aftur. Þá mundu þau eftir hliðinu. Það var að lokast eftir 30 mínútur og þau áttu eftir að finna það aftur! Þau leituðu hátt og lágt að leiðinni en þegar þau voru orðin hrædd um að þau myndu aldrei finna hana datt Tulio aftur um flugvélina.

Þá vissu þau að þau væru komin á sporið. En þau vissu líka að þaðan væri 30 mínútna gangur að hliðinu svo nú urðu þau að hlaupa eins og fætur toguðu. Skyndilega datt afi Tulios

um stein en um leið var eins og hann gufaði upp. Þá var Tulio nóg boðið:

„Hvað er þetta með hann afa, ætlar hann aftur að týnast í önnur níu ár?!“ Þau bökkuðu þangað sem hann hafði verið þegar hann datt en þá fór rötunarvélin að pípa hærra og hraðar. Það voru 10 sekúndur eftir! Þau fundu loks hvar hliðið var og hoppuðu inn um það. Á sama andartaki lokaðist hliðið og þau lentu beint í fanginu á gamla manninum í annað sinn. En nú voru allavega nokkur ár þangað til að einhver fyndi hliðið aftur svo þau gátu strax andað léttar.

# Útfararstofa Reykjanesbæjar

*Samúel Steingrímsson, 12 ára*

Einu sinni var 14 ára strákur sem hét Alex. Alex bjó í Ásbrú og var glaður strákur. Hann æfði körfubolta og var með þeim bestu en var alltaf að reyna að verða betri og betri. Foreldrar Alex áttu útfararstofu. Húsið sem Alex bjó í hafði verið stór kirkja sem var yfirgefin þegar herinn fór með allt sitt. Foreldrar hans höfðu breytt kirkjunni í íbúð og í útfararstofu Reykjanesbæjar ... útfararstofu foreldra hans.

Foreldrar hans ferðuðust ekkert en bjuggu nálægt alþjóðaflugvelli Íslands og þrátt fyrir skort á ferðalögum virtust þau þekkja ótrúlega mikið af frægum leikurum og stjórnáámálönnum bæði erlendum og innlendum. Alex hafði jafnvel verið vitni að því að í útfararstofuna hafði komið þjóðhöfðingi eins völdugasta ríkis heims sem stoppaði bara í útfararstofu Reykjanesbæjar og var farinn af landi brott nokkrum klukkustundum síðar. Enda var útfararstofan í næsta nágrenni við hlið beint út af alþjóðaflugvellingum. En allt gott mun enda illa.


*„Jarðskjálftar byrjuðu að hrísta jörðina og vísindamenn fóru að spá fyrir gosi nálægt fjalli sem heitir Þorbjörn.“*



Dag einn var Alex aleinn heima því foreldrar hans voru í Reykjavík. Honum líkaði sérstaklega illa þegar það gerðist. Hann langaði alveg að fara með en þau leyfðu honum það ekki. Þetta fannst honum ósanngjarnt, hann vildi vita af hverju hann mátti ekki koma með en foreldrar hans sögðu honum ekkert. Á meðan foreldrar hans voru í Reykjavík var hann að dunda sér við að lesa bók eftir frekar góðan höfund. Hann hét Scott Cawthon og bókin hét Fazbear Frights #1: Into The Pit og var á ensku.

Jarðskjálfti truflaði bókarlestur Alex. Alex heyrði mörg glös brotna í eldhúsinu. Jarðskjálftinn hristi allt húsið. Hann fór í skó og athugaði hvað hefði brotnað og þar sem Alex var vanur jarðskjálftum og þessi skjálfti hafði verið sterkur, náði hann í sóp í leiðinni og byrjaði hann að sópa glerbrotin upp. Þegar hann var að sópa upp glerbrotin fann hann erlendar myntir á gólfinu og lykil að kjallara kirkjunnar, sem hafði





verið í krukku í efstu hillunni. Þetta var skrítið því hann vissi að foreldrar hans fóru aldrei úr landi. Hann skoðaði myntirnar og voru þær frá 1989 eða nokkuð gamlar. Þegar Alex tók eftir því að lykillinn sem hann hélt á, virtist passa við hurðina sem er alltaf læst, hurðin sem hann fær aldrei að fara inn um, vaknaði mikil forvitni hjá honum. Alex vissi svo sem að þangað mætti hann aldrei fara. En nú var tækifærið. Alex ákvað að opna dyrnar, þar var stigi niður, augljóslega eldri en húsnæðið sjálft. Alex ákvað að fara niður stigann, kíkja á hvernig kjallarinn liti út. Ætli sé hægt að útbúa sjónvarpsherbergi, eða tólmstundarherbergi í þessum kjallara eða körfubolta-æfingasvæði, hugsaði hann með sér. Hann var mjög spenntur. En það sem hann sá var ekkert af því sem hann hafði ímyndað sér. Í miðjum kjallaranum var flóktandi pera sem lýsti lítilli birtu, meira skuggar en ljós. Alex tók eftir, þegar augu hans höfðu vanist birtunni, að í skugganum á einum veggnum var stigi niður og meira myrkur. Alex ýtti á rauðan hnapp

við hliðina á göngunum og við það kviknaði ljós, eitt í einu, með þungum smelli. Hann sá að göngin voru löng og höfðu augljóslega verið gerð af hernum. Það voru dyr hægra og vinstra megin, að minnsta kosti 10 hurðir. Alex gekk hikandi niður tröppurnar. Hann hugsaði með sér að hann yrði að kíkja á þessi göng því þótt hann gæti ekki breytt kjallaranum sjálfum í körfubolta æfingavöll þá vildi hann komast að því hvað væri í þessum göngum.

*„Alex gerði sér ekki grein fyrir, að það sem beið hans í kjallaranum, átti eftir að breyta honum það sem eftir var.“*

Alex kíkti inn um hurðaropið á fyrstu hurðinni, ekkert undarlegt þar, fullt af drasli, skrár, mikil óreiða. Hann athugaði næstu hurð, hún var læst, hann kíkti inn um skráargatið og sá skúffur sem merktar voru með númerum og voru alveg eins og líkhúsin í sjónvarpinu. Þannig voru næstu hurðir, það var þó ein hurð sem var ólæst og hafði að geyma þessar skúffur með númerum. Alex opnaði eina skúffuna, hann ældi næstum því, því það sem var í skúffunni var hræðilegra en honum hafði dottið í hug. Þarna var húð af neðri hluta líkama, bara húð. Alex bakkaði frá skúffunni og sá í enda gangsins borð þar sem búið var að flá húð af líkama. Á veggina var búið að krotta með rauðu lettri, sem gæti hafa verið þornaðar blóðrúnir eða eitthvað sem var mjög líkt rúnum sem hann hafði lesið um í íslensku vikuna áður. Við hliðina á skurðarborðinu var opin mappa með samningi við Þorbjörgu



Sigurðardóttur sem Alex mundi að hafði verið að vinna í skólabókasafni Háaleitisskóla fyrir 2 árum síðan. Hann sá að hún hafði afsalað sér húð sinni viljug. Þar var einnig gömul bók sem virðist vera gerð úr skinni, rúnir voru skrifaðar í hana, bókin var opin, efst á síðunni stóð Nábrók. Hann hafði líka lesið um hvað Nábrók var í sama íslenskutíma.

Alex fyllist viðbjóði og í einhverju brjálæði sem hann man í raun lítið eftir, rankar hann við sér á bílplaninu fyrir utan útfararstofuna. Öll byggingin er í ljósum logum og má líkja eldinum við vítiseld, svo glatt brann útfararstofan. Þar eru slökkviliðsmenn að störfum og ráða lítið við eldinn. Það er búið að vefja teppi utan um hann og hann situr á sjúkrarúmi og horfir á heimili sitt brenna til grunna og á sama tíma sakleysi sitt.

# Rebbi refur og afmælisveislan

*Bjarki Atlason, 10 ára*

Dag einn vaknaði Rebbi refur og sá eitthvað úti. Það var einhver þarna. Þetta var skrítið en hann fór samt út, þótt hann vissi ekki hvað þetta væri og sæi aðeins óskýrar útlínur í fjarska. Hvað var þetta? Rebbi kíkti og hann sá Molla.

Molli lá undir eldgömlu tré og var með pakka og var að skrifa kort. Rebbi gekk að Molla og spurði hann hvernig kort hann væri að skrifa. Molli sagði að þetta væri afmæliskort.

– Hverjum ertu að fara senda afmæliskort? spurði Rebbi.

– Ég er að fara gera pakkann hans Rabba, sagði Molli.

– Biðjum Lalla, Greifingjann og Frikka frosk að koma og hjálpa okkur.

– Já, sagði Molli. Þú skalt fara og spyrja Lalla. Ég skal ná í Greifingjann og næst skal ég tala við Frikka frosk.

Á leiðinni hugsaði Rebbi hvar Lalli væri. Hann fór fyrst heim til hans og hringdi hjöllunni. En enginn Lalli var þar, aðeins vinir hans Siggi og Símon. Þeir sögðust vilja hjálpa Rebba og spurðu hvort hann væri að leita að Lalla.

– Ég hittí Molla áðan og hann sagðist vera að gera pakka handa Rabba og svo ætlum við að undirbúa afmælisveislu handa Rabba. Viljið þið hjálpa mér að finna Lalla?

– Já, sögðu þeir í einum kór. Á meðan fór Molli í hina áttina. Leiðin var löng, vegurinn var hlykkjóttur en á endanum sá hann

gamlan góðan vin. Rabbi heilsaði og Molli spurði hann:

– Hvar er Gummi greifingi?

– Hann er náttúrulega hérna einhvers staðar, ég finn það á mér, sagði Rabbi og fór í göngutúr.

Rebbi, Símon og Siggi fundu svo Gumma greifingja á bak við tré sofandi. Þeir vöktu hann og sögðu honum allt um afmælið hans Rabba. Enn áttu þeir eftir að finna Lalla. Þegar þeir voru allir fjórir saman sagði Rebbi að þeir ættu að finna Molla. Þeir fundu svo Molla aftur og Molli sagði:

– Við erum að fara halda veislu handa Rabba og ég er viss um að Lalli og Frikki komi þangað svo við þurfum ekki að leita meira í bili. Ef þeir skila sér ekki í veisluna getum við haldið áfram að leita en þeir renna alltaf á lyktina ef einhver okkar heldur veislu eða er að elda eitthvað gómsætt.

Rebbi gerði afmælisköku með gómsætu litríku kurli og bakaði hana mjög vel. Nei, ó nei, Rebbi setti of mikinn hita á ofninn svo kakan varð skaðbrennd og öll svört. Það kom reykur um allt húsið svo hann sveið í augun og honum var líka illt í maganum þegar hann hugsaði um kökuna sem hann fékk aldrei að smakka svo hann ákvað að baka nýja köku. Það tók dágóðan tíma. Rebbi skreytti kökuna meistaralega með súkkulaðikremi og kurli. Við þeim blasti hin glæsilegasta kaka.

Lalli og Frikki voru saman að röltu og runnu á lyktina. Molli útskýrði allt fyrir þeim. Lalli og Frikki tóku þátt í því að skreyta húsið hátt og lágt fyrir afmælisveisluna. Þeir náðu í borða og stiga til þess að þeir gætu skreytt húsið. Símon, Siggi og Gummi greifingi voru búnir að undirbúa leiki og svoleiðis.

Lalli rakst loksins á Rabba, sem hafði verið sofandi í hengirúmi með bók á nefinu á meðan þeir gengu skóginn endilangan. Þar sem Rabbi hafði ekki hitt þá mikið undanfarið var ekki laust við að hann saknaði vina sinna. Rabbi vissi mætavel að maður hugsar til þeirra sem maður vill muna. Að sama skapi vissi hann að ef maður leikur ekki við einhvern lengi gleymir maður þeim og verður feiminn. Og það er auðvitað alls ekki gott að gleyma vinum sínum því þá missir maður þá bara og það var það seinasta sem Rabbi vildi.


Lalli leiddi Rabba að húsinu og þeir sögðu allir í einum kór: – Til hamingju með afmælið kæri vinur. Við þessa óvæntu gleðisprengju sem óvænt afmæli er, varð Rabbi vitaskuld himinlifandi. Hann hafði alltaf vitað að hann ætti svona dásamlega vini en hélt aldrei að þeir myndu koma honum svona mikið á óvart. Rabbi hafði líka alltaf verið mikill afmæliskarl og fundist gaman að fá pakka, kökur og fara í leiki.

Þeir gátu ekki stillt sig um að fara núna að borða matinn fyrst að afmælisbarnið var loksins fundið. Þeir komu sér fyrir í sætunum sem voru mjög notaleg því í þeim voru púðar. Kaffiboðið var yndislegt. Þeir gæddu sér á dýrindis góðri köku með þykku kremi sem Rebbi gerði og drukku með henni ljúffengt súrsætt límonaði. Um húsið ómuðu hlátrasköll, það var langt síðan að þessir vinir höfðu verið allir saman komnir til þess að fagna.

Hinar stórskemmtilegu sögur Frikka frosks klikkuðu aldrei. Aldrei var hjá honum dauð stund, eitt ævintýri tók við af því næsta. Hann gortaði sig af því þegar hann lenti í því að vera fastur á eyju í miðju Atlantshafi með stærsta bókasafn heimsins



Fríkki Frostur



Lalbi íkoni



Molli Moldiárra



Rebbi Refur



Grummi Gréyfrísi



Ræbbi Rættá

og einmitt þess vegna sagðist hann hafa lesið fimm hundruð og eina bók.

Gummi greifingi var kominn með nóg af þessu gorti og þaggaði í Frikka froski með ströngu augnaráði sínu með því að segja:

– Ég nenni ekki að hlusta meir á það hvaða bækur þú hafir lesið, það væri betra að segja frá því hvaða bækur þú hefur ekki lesið. Reyndar hef ég aldrei séð þig lesa og ég er ekki viss um að til sé nokkur froskur í heiminum sem er læs.

Það kom skrýttinn svipur á Frikka frosk sem samþykkti að nú skyldi farið í leiki og nóg væri komið af sögum.

Fyrst fóru þeir í ganga með eggjö yfir línuna án þess að missa það, svo fóru þeir í að setja skottið á asnann og svo í allskonar leiki sem þeir höfðu aldrei farið í. Á þessum vinamótum bjuggu þeir alltaf til nýja leiki.

Verst var þó hvað Molli greyið og Rebbi voru tapsárir. Þeir voru báðir vissir um að það væri verið að svindla á sér með því að nota allskonar klækjabrögð. Þeir urðu ekki sáttir fyrr en þeir fengu nammi í sárabætur, því þeir voru báðir miklir nammigrísir. Þeim fannst ekkert betra en sætur brjóstsykur sem bráðnaði þægi-lega á tungunni og bragðgott súkkulaði. En bestir voru þó vinir sem gátu hjálpað manni að læra að þó maður tapi í leikjum getur maður skemmt sér. Auðvitað var Símon kátari en þeir því hann vann alla leikina.

Nú var samt kominn tími til að opna gjafir. Rabbi varð algjörlega orðlaus þegar hann opnaði gjöfina, allt sem hann hafði óskað sér var í þessum pakka og þessi afmælisdagur var eins og besti afmælispakki út af fyrir sig. Hann sem hafði verið



í fylu í hengirúminu sínu því að hann var handviss um að allir vinirnir myndu gleyma deginum hans. En þeir höfðu allir munað eftir honum og glaðst með honum. Þessi dagur var allt sem hægt er að óska sér.

Það er núna tímabært ganga að hægt og rólega út úr skógarþykkninu, ef til vill veltir þú því fyrir þér lesandi góður hvers vegna ég sagði þér þessa sögu af Rebba ref og vinum hans. Hvers vegna ég eyddi tíma þínum í að hlusta og sperra eyrun. En veistu, sumt má ekki segja strax og sumt er ekki hægt að segja í einni línu. Það þarf heila sögu til þess að útskýra suma hluti. Ég er því hræddur um að svarið liggi í næstu bók og næstu bók skrifa ég handa þér til þess að svara þessari spurningu þinni.





RISA STÓRAR  
smáSÖGUR 2024

ISBN 978-9979-0-2933-5

© Texti, höfundar sagna, sjá efnisyfirlit  
© Teikningar, höfundar teikninga, sjá sögurnar

Dómnefnd: Melkorka Gunborg Briansdóttir,  
Rut Ragnarsdóttir, Sigríður Wöhler  
og Sigrún Jóna Kristjánsdóttir  
Ritun formála: Gunnar Theodór Eggertsson rithöfundur  
Ritstjórn MMS: Sigríður Wöhler, Guðbjörg Rut Þórisdóttir  
Málfarslestur: Ingólfur Steinsson  
Hönnun og umbrot: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Útgefið 2024  
Miðstöð menntunar og skólaþjónustu  
Kópavogi  
Öll réttindi áskilin  
Prentstaður: Litla-prent ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Miðstöð menntunar  
og skóláþjónustu

40747

